

Stjórnartíðindi

1950 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skrifað inn á bls. 113.

Gallar á bls. 12, 51, 74, 104, 110, 124-125, 160, 184, 220, 250, 281, 286, og 292-293.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1950

A-DEILD



REYKJAVÍK 1950
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Efnisyfirlit.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	14. jan.	Lög um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátautvegsins o. fl.	1—3
2	S. d.	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.	3—4
3	21. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur	5
4	26. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914	5
5	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Spánar	6—7
6	31. jan.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950	7
7	2. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi	8
8	7. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki	8
9	9. febr.	Lög um viðauka við lög nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna	9
13	10. febr.	Auglýsing um staðfesting forseta á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 1942	11—12
10	14. febr.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunduðu sildveiðar sumarið 1949, o. fl.	9—10
11	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt	10
12	S. d.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1950	10
14	17. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 99/1948, um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir	12
15	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum	13
16	22. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð	13—14
17	28. febr.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950 .	14
18	S. d.	Lög um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna	15
19	2. marz	Lög um Bjargráðasjóð Íslands	15—17

IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðutal
20	2. marz	Lög um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis	18
21	8. marz	Lög um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr sildarsoði soði	18
26	9. marz	Auglýsing um fullgildingu alþjóðasamnings um verndun fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi	29
74	10. marz	Auglýsing um þátttöku Íslands í Evrópuráðinu	163—176
27	14. marz	Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.	29—30
22	19. marz	Lög um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.	19—24
23	20. marz	Lög um skipamælingar	25—27
28	22. marz	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47/1942 fyrir Háskóla Íslands	31
24	31. marz	Lög um framlengingu á III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna	28
25	S. d.	Lög um framlengingu á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950	28
29	4. apríl	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	31
30	14. apríl	Auglýsing um samkomulag, er gert var í Reykjavík 24. nóv. 1949 milli íslenzkra og hollenzkra stjórnarvalda um nokkur atriði varðandi sölu íslenzkra afurða til Hollands	31—32
31	S. d.	Auglýsing um framlengingu á viðskiptasamkomulagi milli Íslands og Svíþjóðar	32
32	18. apríl	Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Finnlands	32—33
33	S. d.	Auglýsing um vöruskiptasamkomulag við Sviss	33
34	27. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun	34
35	S. d.	Lög um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm	34—37
36	S. d.	Lög um ónæmisaðgerðir	37—41
38	S. d.	Auglýsing um bókun um viðskipti milli Íslands og Ungverjalands	42
39	28. apríl	Auglýsing um fullgildingu milliríkjasamnings um radióþjónustu fyrir skip	42
37	29. apríl	Lög um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950 .	41
40	2. maí	Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Póllands	42—43
42	8. maí	Lög um dánarvottorð og dánarskýrslur	44—46
44	S. d.	Fjárukalög fyrir árið 1946	127—128
41	9. maí	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Vestur-Þýskalands	43
43	16. maí	Fjárlög fyrir árið 1950	47—127
45	17. maí	Jarðræktarlög	129—136
80	S. d.	Bréf handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir ..	181

VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
70	29. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	161
68	30. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.	160
71	13. júlí	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Ungverjalands	161
72	14. júlí	Auglýsing um löggilding nýrrar lyfjaskrár	161—162
73	19. júlí	Bráðabirgðalög um greiðslu launauppbótar	162
81	3. ágúst	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Finnlands	181
75	12. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóvember 1914	177
76	19. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátautvegsins	177—178
77	S. d.	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri	178—179
82	S. d.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Ítalíu um afnám vegabréfsáritana	181
78	29. ágúst	Bráðabirgðalög um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar	179—180
83	25. sept.	Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1950 skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1950	182
84	3. okt.	Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og Danmerkur	182—190
79	5. okt.	Bráðabirgðalög um aðstoð til bænda á Austur- og Norðurlandi	180
85	9. okt.	Forsetabréf um afreksmerki hins íslenska lýðveldis ..	191—192
86	17. okt.	Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um félagafrelsi og verndun þess	192—196
87	20. okt.	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Frakklands	196
88	27. okt.	Lög um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togara kaup ríkisins	197
89	30. okt.	Auglýsing um fullgilding alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu	197
90	10. nóv.	Auglýsing um alþjóðasamning um ráðstafanir til að koma í veg fyrir útgáfu ósiðlegra rita	197
92	22. nóv.	Lög um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 ..	199
93	29. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum	199
94	S. d.	Lög um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla ..	200
95	11. des.	Lög um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Gunnari Bergsteinssyni sjóliðsforingja stýrimannsskýrteini á íslenskum skipum	200

VII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
96	11. des.	Lög um breyting á lögum nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914	201
97	18. des.	Lög um aðstoð til bænda á Óþurkkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi	201
98	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði	202
99	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík	202—203
100	23. des.	Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði	203
101	S. d.	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940	204
102	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins	204
103	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir	205
104	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra	205
105	S. d.	Lög um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar	206
91	28. des.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47/1942	198
106	S. d.	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.	206—207
107	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals	208
108	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lög- tak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar	208—209
109	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka	209
110	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan	210
111	S. d.	Lög um tekjuskattviðauka, lækkun skatts af lágtækjum o. fl.	210—211
112	S. d.	Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna	211—212
113	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm	213
114	S. d.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands	214
115	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemntanaskatt með viðauka árið 1951	214
116	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands	215
117	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskrán-	

VIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
118	28. des.	ingu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslu- gjöld o. fl.	215—216
119	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- skatt og eignarskatt	216
120	S. d.	Lög um stjórn flugmála	217
121	S. d.	Lög um aðstoð til útvegsmanna	218—224
122	S. d.	Fjárlög fyrir árið 1951	225—295
123	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 50 1946, um almanna- tryggingar og viðauka við þau	295—302
124	S. d.	Auglýsing um gildistöku alþjóðasamnings um ráðstaf- anir gegn hópmorðum	303
124	S. d.	Auglýsing um undirritun milliríkjasamnings um Greiðslubandalag Evrópu	303

Yfirlit

eftir stafrófsröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Afreksmerki.			
85	9. okt.	Forsetabréf um afreksmerki hins íslenska lýðveldis ..	191—192
Almannatryggingar.			
122	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau	295—302
Alþingi, alþingiskosningar.			
12	14. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1950	10
20	2. marz	Lög um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis	18
80	17. maí	Bréf handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir ..	181
83	25. sept.	Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1950 skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1950	182
Austur- og Norðurland.			
79	5. okt.	Bráðabirgðalög um aðstoð til bænda á Austur- og Norðurlandi	180
97	18. des.	Lög um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi	201
Barnaskólakennarar.			
67	16. júní	Bráðabirgðalög um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla	159
73	19. júlí	Bráðabirgðalög um greiðslu launauppbótar	162
94	29. nóv.	Lög um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla ..	200
Bátaútvegur, sjá fiskveiðar.			
Bjargráðasjóður.			
19	2. marz	Lög um Bjargráðasjóð Íslands	15—17
Dánarvottorð.			
42	8. maí	Lög um dánarvottorð og dánarskýrslur	44—46

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Dýrtíðarráðstafanir.	
9	9. febr.	Lög um viðauka við lög nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna	9
14	17. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 99/1948, um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir	12
18	28. febr.	Lög um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna	15
24	31. marz	Lög um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna	28
112	28. des.	Lög um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna	211—212
		Eignakönnun.	
34	27. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun	34
		Einkamál.	
46	22. maí	Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði	137
100	23. des.	Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði	203
		Einkasala.	
8	7. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki	8
		Erfðaábúð, sjá landbúnaður.	
		Fiskveiðar.	
1	14. jan.	Lög um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.	1—3
10	14. febr.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að, ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stund-uðu sildveiðar sumarið 1949 o. fl.	9—10
15	17. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum	13
26	9. marz	Auglýsing um fullgildingu alþjóðasamnings um verndun fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi	29
50	25. maí	Lög um togarakaup ríkisins	145
51	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins	146
76	19. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins	177—178
77	S. d.	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda sildveiðar á þessu sumri	178—179
88	27. okt.	Lög um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins	197
120	28. des.	Lög um aðstoð til útvegsmanna	218—224

XI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Fjárlög, fjáráukalög.			
6	31. jan.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1949	7
17	28. febr.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950	14
25	31. marz	Lög um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950	28
37	29. apríl	Lög um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950	41
44	8. maí	Fjáráukalög fyrir árið 1946	127—128
43	16. maí	Fjárlög fyrir árið 1950	47—127
121	28. des.	Fjárlög fyrir árið 1951	225—295
Flugmál.			
119	S. d.	Lög um stjórn flugmála	217
Framfærslukostnaður.			
78	29. ágúst	Bráðabirgðalög um útreikning visitölu framfærslukostnaðar	179—180
105	23. des.	Lög um útreikning visitölu framfærslukostnaðar	206
Friðun.			
107	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals	208
Fyrningarafskriftir.			
103	23. des.	Lög um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir	205
Gengisskráning, sjá gjaldeyrismál.			
Gjaldeyrismál m. m.			
7	2. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi	8
22	19. marz	Lög um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.	19—24
59	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.	152
68	30. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.	160
117	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.	216
Gunnar Bergsteinsson.			
95	11. des.	Lög um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Gunnari Bergsteinssyni sjóliðsforingja stýrimannskirteini á íslenskum skipum	200

XII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Hafnarmál.			
52	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur	146
55	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 25 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum	148
Háskólinn.			
13	10. febr.	Auglýsing um staðfesting forseta á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 1942	11—12
28	22. marz	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47/1942 fyrir Háskóla Íslands	31
91	28. des.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47/1942	198
116	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands	215
Hegningarlög.			
101	23. des.	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940	204
Heilbrigðismál.			
36	27. apríl	Lög um ónæmisaðgerðir	37—41
72	14. júlí	Auglýsing um löggilding nýrrar lyfjaskrár	161—162
Hlutatryggingasjóður, sjá fiskveiðar.			
Húsagerðarsamþykktir í sveitum, sjá landbúnaður.			
Húsaleiga.			
56	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu	149—150
Jarðasala.			
54	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu	147—148
110	28. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestsetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestsetur verður flutt þaðan	210
Landbúnaður.			
11	14. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt	10
16	22. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð	13—14
45	17. maí	Jarðræktarlög	129—136
47	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um	

XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra	137—139
62	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum	154—155
79	5. okt.	Bráðabirgðalög um aðstoð til bænda á Austur- og Norðurlandi	180
97	18. des.	Lög um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi	201
Lántaka.			
61	25. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá efnahagssamvinnustjórninni í Washington	153
63	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja	155
Launamál.			
67	16. júní	Bráðabirgðalög um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla	159
73	19. júlí	Bráðabirgðalög um greiðslu launauppbótar	162
94	29. nóv.	Lög um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla	200
116	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands	215
Laxárvirkjun.			
64	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 54 25. maí 1949, um Laxárvirkjunina	156—157
Lax- og silungsveiði.			
98	18. des.	Lög um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði	202
Lífeyrissjóður.			
102	23. des.	Lög um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins	204
104	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra	205
Lögtak og fjárnám.			
108	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar ..	208—209
Milliríkjasamningar m. m.			
3	21. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur	5

XIV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðutal
5	26. jan.	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Spánar	6—7
26	9. marz	Auglýsing um fullgildingu alþjóðasamnings um verndun fiskimiða á norð-vestur Atlantshafi	29
74	10. marz	Auglýsing um þátttöku Íslands í Evrópuráðinu	163—176
30	14. apríl	Auglýsing um samkomulag, er gert var í Reykjavík 24. nóv. 1949 milli íslenzkra og hollenzkra stjórnarvalda um nokkur atriði varðandi sölu íslenzkra afurða til Hollands	31—32
31	S. d.	Auglýsing um framlengingu á viðskiptasamkomulagi milli Íslands og Svíþjóðar	32
32	18. apríl	Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Finnlands	32—33
33	S. d.	Auglýsing um vöruskiptasamkomulag við Sviss	33
38	27. apríl	Auglýsing um bókun um viðskipti milli Íslands og Ungverjalands	42
39	28. apríl	Auglýsing um fullgildingu milliríkjasamnings um radióþjónustu fyrir skip	42
40	2. maí	Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Póllands	42—43
41	9. maí	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Vestur-Þýskalands	43
66	31. maí	Bráðabirgðalög um framkvæmd á viðskiptasamningi við Pólland	158
69	21. júní	Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu	161
71	13. júlí	Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Ungverjalands	161
81	3. ágúst	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Finnlands	181
82	19. ágúst	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Ítalíu um afnám vegabréfsáritana	181
84	3. okt.	Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og Danmerkur	182—190
86	17. okt.	Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um félagafrelsi og verndun þess	192—196
87	20. okt.	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Frakklands	196
89	30. okt.	Auglýsing um fullgildingu alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu	197
90	10. nóv.	Auglýsing um alþjóðasamning um ráðstafanir til að koma í veg fyrir útgáfu ósiðlegra rita	197
123	28. des.	Auglýsing um gildistöku alþjóðasamnings um ráðstafanir gegn hóp morðum	303
124	S. d.	Auglýsing um undirritun milliríkjasamnings um Greiðslubandalag Evrópu	303

Ónæmisáðgerðir, sjá heilbrigðismál.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Ríkisábyrgð.			
1	14. jan.	Lög um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.	1—3
10	14. febr.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunduðu sildveiðar sumarið 1949, o. fl.	9—10
77	19. ágúst	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda sildveiðar á þessu sumri	178—179
Ríkisreikningur.			
48	25. maí	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1946	139—140
Ríkisstjórn.			
27	14. marz	Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.	29—30
29	4. apríl	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	31
70	29. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	161
Sambandsslit.			
3	21. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur	5
Sauðfjársjúkdómar, sjá landbúnaður.			
Sementsverksmiðja.			
57	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju	150
Siglingar, skip.			
4	26. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914	5
23	20. marz	Lög um skipamælingar	25—27
39	28. apríl	Auglýsing um fullgildingu milliríkjasamnings um raðiðþjónustu fyrir skip	42
75	12. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóvember 1914	177
89	30. okt.	Auglýsing um fullgilding alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu	197
95	11. des.	Lög um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Gunnari Bergsteinssyni sjóliðsforingja stýrimannskírteini á íslenskum skipum	200
96	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914	201

XVI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Síld, síldarvinnsla, útgerðarlán.			
21	8. marz	Lög um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði	18
10	14. febr.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stund-uðu síldveiðar sumarið 1949, o. fl.	9—10
77	19. ágúst	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að á-byrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri	178—179
Skattar, tollar.			
2	14. jan.	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.	3—4
22	19. marz	Lög um gengisskráningu, launabreytingar, stóreigna-skatt, framleiðslugjöld o. fl.	19—24
49	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um toll-skrá o. fl.	141—144
59	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.	152
60	S. d.	Lög um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum ..	153
65	S. d.	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.	157—158
68	30. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.	160
93	29. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af inn-lendum tollvörutegundum	199
106	28. des.	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.	206—207
109	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka	209
111	28. des.	Lög um tekjuskattsviðauka ,lækkun skatts af lágtekjum o. fl.	210—211
114	S. d.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928 um skattgreiðslu h.f. Eimskipafélags Íslands	214
115	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1951	214
117	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskrán-ingu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslu-gjöld o. fl.	215—216
118	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekju-skatt og eignarskatt	216
Skógrækt.			
58	25. maí	Lög um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt	151

XVII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
99	28. des.	Skólamál. Lög um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um Stýri- mannaskólann í Reykjavík	202—203
63	25. maí	Sogs- og Laxárvirkjun. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja	155
		Stýrimannaskólinn, sjá skólamál.	
8	7. febr.	Tóbakseinkasala. Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einka- sölu ríkisins á tóbaki	8
		Togarakaup, sjá fiskveiðar.	
53	25. maí	Útsvör. Lög um breyting á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör	147
		Útvegsmenn, sjá fiskveiðar.	
92	22. nóv.	Vegamál. Lög um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947	199
98	18. des.	Veiði. Lög um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði	202
35	27. apríl	Verðlag m. m. Lög um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm	34—37
113	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verð- lag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm	213
78	29. ágúst	Vísitala. Bráðabirgðalög um útreikning vísitölu framfærslu- kostnaðar	179—180
105	23. des.	Lög um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar	206
65	25. maí	Þjóðleikhús. Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.	157—158
		Ættaróðal, sjá landbúnaður.	

L Ö G

1

14. jan.

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum í janúar og febrúarmánuði 1950 75 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðum með haus.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 1.30 fyrir hvern lítra af lifur.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum framleiddum á tímabili því, er um ræðir í 1. gr., nái kr. 1.53 hvert enskt pund fob. miðað við 7 punda pökkun, og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði þessa fisks.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð fisks þess, er um ræðir í 1. gr., verði kr. 2.52 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði rýrnun á saltfiski þessum, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 75 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða í janúar og febrúarmánuði 1950.

6. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1949 til 1. sept. 1950 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

1

14. jan.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem best heildarverð fái fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtiðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

8. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 75 auro verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

9. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð seft nánari fyriræli um allt, er lýtur að framkvæmd þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjó-
mönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lág-
marksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði
fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niður-
færslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkis-
stjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegs-
menn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og
bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur stað-
fest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

11. gr.

Til aðstoðar verðlagsyfirvöldum við ákvörðun verðlags á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, skipar ráðherra að fengnum tillög-
um frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands tvo fulltrúa
með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum.

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlags-
ákvörðanir á útgerðarvörum og skipaviðgerðum.

12. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega
vextir af rekstrarlánunum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávar-
afurðum til útflutnings ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af
ábyrgðarverðinu.

13. gr.

Nú verður ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstursvandamál bátaútvægsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá framlengist gildi laga þessara þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. um kr. 2 500 000.00, en hlutfallslega minna, ef ábyrgðin fellur niður fyrir 15. maí.

1

14. jan.

14. gr.

Til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til 1. marz 1950, að undanteknum d-, e- og f-liðum 30. gr. laganna.

15. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er sildveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar, eftir því sem við á.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. janúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

2

14. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. janúar 1950 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
- a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
 - b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2 B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 65% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem 14. jan. taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	— — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1950.

Gjört að Bessastöðum, 14. janúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

3

21. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laga nr. 85 frá 9. okt. 1946 orðist þannig:

Meðan eigi er lokið samningum þeim, er nú standa yfir vegna niðurfellingar dansk-íslenska sambandslagasamningsins 30. nóvember 1918, heimilast ríkisstjórn Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á, til að láta Færeyinga halda þeim rétti, er þeir hafa haft til fiskveiða með handfæri á þilskipum með eða án gangvéla og opnum bátum hér við land fyrst um sinn, þó eigi lengur en til ársloka 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. janúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

4

26. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttekta á vistum til skipa þeirra, er sildveiðar stunda sumarið 1949, vegna sildveiðanna, njóta sjóveðsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Spánar.

Hinn 17. desember 1949 var undirritaður í Madrid af Pétri Benediktssyni sendiherra og Alberto Martin Artajo utanríkisráðherra Spánar, viðskiptasamningur milli Íslands og Spánar, er fylgir hér með í íslenskri þýðingu:

1. gr.

Til þess að auðvelda verzlun milli Spánar og Íslands skal hvor stofnunin um sig — Instituto Espanol de Moneda Extranjera (Spænska gjaldeyrisstofnunin) og Landsbanki Íslands í Reykjavík — opna reikning hjá sér í sterlingspundum á nafn hinnar.

Greiðsla fyrir útfluttar íslenskar vörur til Spánar skal fara fram fyrir milli-göngu Instituto Espanol de Moneda Extranjera inn á reikning Landsbanka Íslands og greiðsla fyrir útfluttar spænskar vörur til Íslands skal fara fram fyrir milli-göngu Landsbanka Íslands inn á reikning Instituto Espanol de Moneda Extranjera. Greiðslur farmgjalda og annarrar þjónustu, svo og kostnað af ferðalögum, má inna af hendi með aðstoð þessara reikninga.

Hinar tvær ofangreindu gjaldeyrisstofnanir koma sér saman um þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að ná greiðslujöfnuði hvor á sínum reikningi.

2. gr.

Samkomulag er um þá meginreglu, að meðan samningur þessi gildir skuli greiðslur fyrir vörur og þjónustu, sem annar samningsaðili innir af hendi, svara til greiðslna fyrir þjónustu og vörur, sem inntar eru af hendi af hinum samningsaðiljanum.

Ef eftirstöðvar verða samt sem áður á reikningi í hag annarri hvorri hinna ofangreindu gjaldeyrisstofnana, þegar samningurinn gengur úr gildi, skal sú innstaða að beiðni hlutaðeigandi aðilja og innan sex mánaða frá því að sú beiðni er lögð fram, greidd með vörum, sem samkomulag verður um.

Það er viðurkennt, að ekki er hægt að halda reikningunum stöðugt jöfnum, vegna þess að margar vörur, sem um er að ræða í verzlunarviðskiptum samningsaðilja eru bundnar við árstíðir, og einnig vegna annarra ástæðna. Hvor samningsaðili um sig er því reiðubúinn, ef þörf gerist, til að veita hinum samningsaðiljanum reikningslán að fjárhæð kr. 100 000 sterlingspund. Fjárhæð þessa reikningsláns má hækka með samkomulagi hinna tveggja lánsstofnana.

3. gr.

Yfirvöld beggja landanna munu gera allt, sem hægt er til þess að auðvelda viðskipti milli landanna með því að taka til velviljaðrar athugunar beiðnir um inn- og útflutningsleyfi fyrir vörum, sem þessi viðskipti taka til. Þau munu einnig hafa hliðsjón af því, að heppilegt er að auka vöruskiptin, og enn fremur, að nauðsynlegt er að halda við jafnvæginu milli innflutnings og útflutnings.

Skal þetta einkum gilda um þær spænsku vörutegundir, sem nefndar eru í skrá „E“ og þær íslenskar vörutegundir, sem nefndar eru á skrá „I“, en báðar eru víðfestar þennan samning.

4. gr.

Gildistaka þessa samnings hefst með undirskrift hans og skal hann vera í gildi til 31. desember 1950.

Skrá „E“.

Vefnaðarvörur af öllu tagi.
Fiskinet og netagarn.
Skófatnaður.
Leður.
Nýir og þurrkaðir ávextir.
Ávaxtamauk og ávaxtasafi.

Vín og vínandi.
Superfosfat.
Kalí.
Salt.
Byggingarefni og tilheyrandi.
Ýmislegt.

5

26. jan.

Skrá „I“.

Saltfiskur (þurrkaður eða upp úr salti).
Hestar.
Þorskalýsi, (meðala- og iðnaðarlýsi).

Aðrar fiskafurðir.
Ýmislegt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 26. janúar 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

6

31. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 1. marz 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 31. janúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

7
2. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, hljóði þannig:

Sölugengi erlends gjaldeyris skal vera kr. 26.22 — krónur tuttugu og sex tuttugu og tveir — hvert sterlingspund (£), og annarrar erlendrar myntar í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

8
7. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. másl. 11. gr. laganna orðist svo:

Einkasalan greiðir kostnað við flutning á tóbaki til verzlunarstaða innanlands.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu, og skal það vera hið sama um allt land.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

9

9. febr.

um viðauka við lög nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlags-ákvarðanir á útgerðarvörur og skipaviðgerðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

10

14. febr.

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1949, o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán, er Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veittu, til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1949.

2. gr.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til að leysa sjóveð af bátum, er stunduðu fiskveiðar við Grænland sumarið 1949, enda sé jafnframt tryggt, að þeir gangi til fiskveiða hér við land á yfirstandandi vertíð.

3. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

4. gr.

Taka skal á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, er samsvari því, sem ógreitt er af þeim 31. jan. það ár.

1950

10

10
14. febr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Gjört að Bessastöðum, 14. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

11

14. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsgr. 83. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

2. gr.

84. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913, um forðagæzlu, og lög nr. 32 frá 8. sept. 1931, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Gjört að Bessastöðum, 14. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jón Pálmason.

12

14. febr.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1950 skal koma saman tíunda dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört að Bessastöðum, 14. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

13

10. febr.

um staðfesting forseta á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 47 1942.

Forsetinn hefur samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins fallizt á eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 47/1942:

1. gr.

5. tölul. 32. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Dönsku, ensku, frakknesku, grísku, latínu, norsku, sænsku og þýzku. Kennslan miðar að því að veita stúdentum haldgóða þekkingu í þessum tungumálum, með það fyrir augum, að þeir geti lokið prófum baccalaureorum artium samkv. 52. gr.

2. gr.

51. gr. orðist þannig:

Próf í íslenzkum fræðum.

Prófgreinar eru þessar:

1. Málfræði og saga íslenzkrar tungu.
2. Íslenzk bókmenntasaga og ritskýring.
3. Saga og menningarsaga Íslendinga.

Lokapróf eru tvenns konar:

- a. Kennarapróf.
- b. Meistarapróf.

A. Kennarapróf.

Kennarapróf skiptist í tvennt.

Fyrri hluti.

Prófið fer fram í öllum þrem prófgreinum, samkvæmt nánari reglum, er kennararnir í íslenzkum fræðum setja, og er bæði skriflegt og munnlegt. Aðaláherzla skal lögð á að reyna, hvornig nemandinn hafi fært sér í nyt þá kennslu, sem hann hefur átt kost á, og hæfni hans til framhaldsnáms.

Nemandi skal hafa lokið prófi í latínu, er samsvari máladeildarprófi í Menntaskólanum í Reykjavík eða á Akureyri, áður en hann gengur undir fyrri hluta prófs.

Engum nemanda er heimilt að ganga undir fyrri hluta prófs síðar en 6 misserum eftir innritun í heimspekideild, nema til komi einróma samþykki kennaranna í íslenzkum fræðum. Standist nemandi ekki prófið, má hann endurtaka það eftir tvö misseri. En reynist hann þá ekki hæfur, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga undir lokapróf.

Síðari hluti.

Kandidatinn skal eigi síðar en þrem misserum áður en hann gengur undir prófið hafa valið sér, í samráði við kennarana, hæfilega afmarkað svið í einni af prófgreinunum (kjörsvið), sem hann kynnr sér út í æsar.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í hverri grein. Hefst það á ritgerð úr kjörsviði kandidatsins, og má verja til hennar allt að 3 vikum. Eigi má líða meir en 6 mánuðir frá því að kjörsviðsritgerð er skilað og þar til hinn hluti prófsins hefst.

Einkunnir eru gefnar bæði fyrir munnlega og skriflega úrlausn í hverri prófgrein, og auk þess tvöföld einkunn fyrir ritgerðina, alls 8 einkunnir. Enn fremur skal telja meðaleinkunn úr fyrri hluta prófi með sem tvöfalda einkunn, svo að aðaleinkunnirnar til kennaraprófs verða alls 10.

- 13 Að öðru leyti gilda bæði um fyrra og síðara hluta þessa prófs hin almennu
10. febr. ákvæði um embættispróf í háskólanum.

B. Meistarapróf.

Kandidötum, sem leyst hafa af hendi fyrra hluta kennaraprófs, er heimilt að ganga undir meistarapróf. Þeir velji sér að meginviðfangsefni eina af hinum 3 prófgreinum, en innan þeirrar greinar nánar afmarkað svið (kjörsvið), sem þeir skulu rannsaka vísindalega. Prófið er með sama hætti og síðari hluti kennaraprófs, nema hvað kandidatinn fær til úrlausnar kjörsviðsverkefni sínu allt að sex mánuði, og skal það innt af hendi á undan öðrum hlutum prófsins. Auk þess flytur kandidatinn fyrirlestur í heyranda hljóði og fær 8 daga til að semja hann. Einkunnir eru tvær: ágætlega hæfur (*admissus cum egregia laude*) og hæfur (*admissus*). Kennararnir í íslenskum fræðum dæma einir um þetta próf.

Þeim stúdentum, sem byrjað hafa nám áður en ákvæði þessi gengu í gildi, er heimilt að ganga undir meistarapróf samkvæmt hinum eldri reglum.

1. málsgr. 52. gr. orðist þannig:

Prófgreinar eru þessar:

1. Íslenska.
2. Danska.
3. Enska.
4. Frakkneska.
5. Gríska.
6. Latína.
7. Norska.
8. Sænska.
9. Þýzka.

Þetta tilkynnist þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 10. febrúar 1950.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

- 14
17. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 99/1948, um breyting á lögum nr. 128/1947,
um dýrtíðarráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Á árinu 1949“ í niðurlagi 1. gr. komi: Fyrir árslok 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

15
17. febr.

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Staflíður b. undir 1. tölulið í 4. gr. laganna orðist svo:

Til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsóknna og fiskifræðirannsóknna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands, $\frac{1}{8}\%$ fram til ársloka 1953, en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkv. 1. gr. sem þessu nemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

16
22. febr.

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við staflíð d. í 1. gr. laganna komi:

Þó nær ákvæði þetta ekki til vaxta af skuldum við Byggingarsjóð í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóð Íslands eða lánsstofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.

2. gr.

Fyrsti og annar másl. 12. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu, til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

3. gr.

Staflíður a. í 26. gr. laganna orðist þannig:

Verið samfellt í ábúð eða eigu sömu ættar í 75 ár eða lengur og eru enn í eigu hennar, þegar lög þessi öðlast gildi. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er fullnægja slíkum skilyrðum um eigu eða ábúð sömu ættar. Ábúð eða eignarumráð ekkils eða ekkju ættmanna þeirra, er setið hafa jörðina, telst með ábúðar- eða eignartíma ættarinnar.

1950

14

16

22. febr.

Í stað „100 árin“ í 27. gr. laganna komi: 75 árin.

4. gr.

5. gr.

Aftan við 33. gr. laganna bætist:

Geta skal þess í afsals- og veðmálabókum hlutaðeigandi sýslu eða kaupstaðar, að jörð sé ættarjörð, og sömuleiðis breytinga, er á því kunna að verða.

45. gr. laganna orðist þannig:

6. gr.

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðinni, til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma. Ákvæði ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gilda eigi að því er snertir jarðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jón Pálmason.

17

28. febr.

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 1. maí 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

18

28. febr.

um framlenging á III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði þau um tekjuöflun í dýrtíðarsjóð, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, skulu gilda til 1. apríl 1950, að undanteknum d-, e- og f-liðum 30. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

19

2. marz

um Bjargráðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bjargráðasjóður Íslands, sem stofnaður var með lögum nr. 45 1913, skal vera allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli.

2. gr.

Hvert sveitarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 2 krónur fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðasjóðsgjald greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 2 krónum fyrir hvern mann.

4. gr.

Stjórn sjóðsins, sem heitir bjargráðastjórn, skipa skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Fiskifélags Íslands.

19 Fé bjargráðasjóðsins skal geymt og ávaxtað í banka með ríkisábyrgð, og skal 2. marz það vera tiltækt hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórn skal gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallæris-hætta sé fram undan, og skal hún vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

6. gr.

Bjargráðastjórn hefur á hendi reikningshald sjóðsins, og skulu reikningarnir endurskoðaðir af endurskoðunardeild stjórnarráðsins og endurskoðendum ríkis-reikninganna án sérstaks endurgjalds.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðasjóðsgjaldi á manntals-þingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn (í Reykjavík toll-stjóri) innheimta gjaldið og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar eigi síðar en 1. október ár hvert.

8. gr.

Fyrir 1. marz ár hvert er prestum og öðrum þeim, er manntal hafa á hendi, skylt að láta innheimtumönnum bjargráðasjóðsgjalda í té skýrslu um íbúafjölda hvers sveitarfélags, miðað við áramót, til afnota við útreikning og innheimtu gjaldanna.

9. gr.

Allt það fé, sem rennur úr ríkissjóði í bjargráðasjóðinn samkv. 3. gr., að vöxtum meðtöldum, svo og helmingur þess fjár, sem sjóðurinn fær samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal vera sameign allra landsmanna. Hins vegar skal helmingur þess fjár, sem í sjóðinn rennur samkv. 2. gr., vera séreign þeirrar sýslu eða kaupstaðar, er gjaldið greiddi, og leggjast vextir af því fé við séreignina.

Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóðnum.

10. gr.

Ríkisstjórnin getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnnum heimild til þess að hækka bjargráðasjóðsgjaldið um tiltekið árabíl, þó ekki meira en um helming hins upprunalega gjalds. Sú hækkun rennur óskipt í séreignarsjóð viðkomandi sýslu- eða bæjarfélags.

Nú notar einhver sýsla eða bæjarfélag heimild þessarar greinar og hækkar framlag sitt til bjargráðasjóðs með leyfi ríkisstjórnarinnar, og er þá ríkissjóði skylt að leggja fram, auk þess, sem fyrir er mælt í 3. gr., fé, er nemur hálfu viðbótar-gjaldinu, og rennur það í séreignarsjóð viðkomandi sveitarfélags.

11. gr.

Nú verður hallæri í sveitarfélagi af óvenjulegum harðindum eða langvarandi aflaleysi, eða tjón verður þar af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi það, sem skemmdist eða ónýttist, verið óvátryggt fyrir tjóni þessu, og getur þá stjórn bjargráðasjóðs veitt styrk eða lán úr bjargráðasjóði samkvæmt lögum þess-um, til að draga úr áhrifum hallærisins eða bæta tjónið að einhverju leyti.

12. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn

hafa samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu álit 19
 bjargráðastjórnar. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða 2. marz
 bæjarstjórn senda stjórn bjargráðasjóðs þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargar-
 skorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn
 með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða
 tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en
 vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1.
 málsgr. þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki séreign sýslu eða kaupstaðar til forðatryggingar, og má þá
 bjargráðastjórn veita héraðinu vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðs-
 ins, gegn veði í bjargráðasjóðsgjaldi héraðsins eða þeim tryggingum öðrum, sem
 stjórnin metur gildar.

13. gr.

Nú hrökkva ekki til þess að afstýra hallæri þær ráðstafanir, sem 11. og 12. gr.
 gera ráð fyrir, og er þá bjargráðastjórn heimilt að veita aðstoð úr sameignar-
 sjóði með þeim hætti, er hér segir:

1. beinum styrk úr bjargráðasjóði,
2. lánveitingum til sýslu- eða sveitarfélaga,
3. lánveitingum til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn veði í fasteign
 eða ábyrgð sýslu- eða sveitarfélags.

Hverjum þeim, sem láns beiðist eða styrks úr bjargráðasjóði, ber að senda
 sjóðsstjórninni svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal.
 Nú þykir bjargráðastjórn á skorta um, að gögn þau séu fullnægjandi, sem borizt
 hafa, og getur hún þá krafizt fyllri gagna frá þeim aðilum, er henni þykir henta.
 Nú berast ekki þau skilríki, sem bjargráðastjórn hefur beiðzt, og er þá sjóðsstjórn-
 inni heimilt að synja beiðninni af þeim ástæðum einum.

14. gr.

Nú gengur mikil óáran um land allt eða í stórum landshlutum, svo að fé bjarg-
 ráðasjóðs hrekkur ekki til nauðsynlegrar hjálpar og sjóðurinn kemst í fjárþröng,
 og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynlegt lán fyrir bjargráðasjóð-
 inn, eða veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er þar fyrir hendi, en slík bráða-
 birgðalán ber bjargráðasjóði að endurgreiða af tekjum sínum, enda séu eignir
 sjóðsins og tekjur að veði fyrir bráðabirgðalánnum þessum.

15. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum bjargráðastjórnar, reglugerð um rekstur
 sjóðsins og starfrækslu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45/1913, um Bjargráðasjóð Íslands,
 og lög nr. 20/1925, um heimild til að veita lán úr bjargráðasjóði.

Gjört að Bessastöðum, 2. marz 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

20

2. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „vararæðismenn Íslands erlendis“ í 13. gr. laga um kosningar til Alþingis komi: svo og kjörræðismenn, ef þeir eru íslenskir ríkisborgarar eða af íslensku þjóðerni og mæla á íslenska tungu,

2. gr.

Á eftir orðunum „vararæðismanns Íslands“ í 65. gr. laga um kosningar til Alþingis komi: eða kjörræðismanns, er uppfyllir skilyrði 13. gr.,

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 2. marz 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

21

8. marz

L Ö G

um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reisa og starfrækja stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði við síldarverksmiðjur ríkisins.

2. gr.

Til byggingarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán innanlands eða utan fyrir hönd ríkissjóðs, að fjárhæð allt að 4 milljónir króna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur vinnslustöðvar þeirrar, er um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir lögum nr. 1 1. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. marz 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

22

19. marz

um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Gengi íslenzkrar krónu skal breytt þannig, að einn Bandaríkjadollar jafngildi 16.2857 íslenzkum krónum, og skal gengi alls annars erlends gjaldeyris skráð í samræmi við það. Landsbanki Íslands skal birta sölu- og kaupgengi, sem séu í samræmi við hið skráða gengi. Kaupgengi má ekki vera meira en 1% undir og sölugengi ekki meira en 1% yfir hinu skráða gengi.

2. gr.

Gengishagnaður sá, sem myndast við það, að hrein (netto) gjaldeyriseign íslenzkra banka verður seld herra verði eftir gengislækkunina, skal renna í ríkissjóð og varið til lánveitinga sem hér segir:

1. Einn þriðji hluti skal lánaður til íbúðabygginga samkv. I. og III. kafla l. nr. 44 7. maí 1946, og skal $\frac{2}{3}$ varið til byggingarsjóðs samkv. I. kafla, en $\frac{1}{3}$ til íbúðarbygginga samkv. III. kafla laganna.
2. Einn þriðji hluti skal lánaður byggingarsjóði samkv. lögum nr. 35/1946 til byggingarframkvæmda í sveitum.
3. Einn þriðji hluti skal lánaður Ræktunarsjóði Íslands til 20 ára með jöfnum afborgunum og 2% ársvöxtum.

Lán samkv. 1. og 2. tölul. skulu vera bráðabirgðalán með 4% ársvöxtum og endurgreiðast ríkissjóði jafnharðan og tekjur viðkomandi aðila af eignarskatti samkv. 12. gr. innheimtast.

Því fé, sem ríkissjóður fær endurgreitt af lánnum samkv. 1.—3. tölul., skal jafnharðan varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

3. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar í Reykjavík skal reiknuð fyrir marz 1950 á sama hátt og hingað til, þó með þeim breytingum, að miðað skal við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945, svo og við útsöluverð á kjöti án frádráttar á kjötstyrk. Vísitölufjárhæð, sem reiknuð er með þessum hætti, skal vera sá grundvöllur, sem síðari breytingar á vísitölufjárhæð miðast við, og skal því sett = 100.

Skal útreikningi framfærsluvísitölnnar fyrir marz vera lokið eigi síðar en 20. apríl þ. á.

4. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna kaupgjaldsvísitölu fyrir marz 1950, sem sýni breytingu þá, sem orðið hefur á almennu kaupgjaldi, þ. e. grunnkaupi að viðbætti verðlagsuppbót, síðan 1939. Skal sú vísitala vera hið almenna tímakaup verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, og skal tímakaupið mánuðina jan.—marz 1939 vera vísitölugrundvöllur.

Kaupgjaldsvísitala þessi skal birt um leið og framfærsluvísitalan fyrir marz.

22

19. marz

5. gr.

Í eftirfarandi ákvæðum táknað orðið laun bæði laun og kaupgjald. Við gildistöku laga þessara skal hætt að greina á milli grunnkaups og verðlagsuppbótar, eins og verið hefur, og skal hvort tveggja framvegis talið laun í einu lagi.

6. gr.

Visitala framfærslukostnaðar, shr. 3. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal hækka laun frá því sem greitt var næsta mánuð á undan, ef visitalan sýnir hækkun á framfærslukostnaði um minnst 5%. Skulu hærri laun, ef til kemur, greidd fyrsta skipti fyrir apríl 1950 samkvæmt þeirri breytingu, sem visitala fyrir apríl s. á. sýnir. Laun skulu lækka með sama hætti, ef visitala sýnir lækkun á framfærslukostnaði um minnst 5%. Síðari launahækkun skal veitt, ef visitalan sýnir hækkun framfærslukostnaðar um minnst 5%, frá því laun breyttust síðast samkvæmt þessum ákvæðum. Laun skulu lækka með sama hætti, ef síðari visitala sýnir lækkun framfærslukostnaðar um minnst 5%, frá því laun breyttust síðast samkvæmt þessum ákvæðum.

Laun skulu breytast samkvæmt framangreindum ákvæðum fram í júlí 1950, en frá þeim tíma til ársloka skulu laun ekki breytast vegna breytinga á vísitölu framfærslukostnaðar.

Nú sýnir visitala fyrir desembermánuð 1950 hækkun eða lækkun framfærslukostnaðar um 5% eða meira, frá því launahækkun eða launalækkun var síðast ákveðin; og skulu þá laun fyrir janúar 1951 hækkuð eða lækkuð samkvæmt þeirri breytingu á framfærslukostnaði, er visitalan sýnir. Við ákvörðun launahækkunar eða launalækkunar skal þó ekki tekið tillit til þeirrar breytingar á framfærslukostnaði, sem visitalan sýnir og á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/1947 vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar er leitt hefur af ákvæðum þessarar greinar um breytingar á launum.

Laun, sem ákveðin verða fyrir janúar 1951, skulu ekki breytast vegna breytinga á vísitölu framfærslukostnaðar til júníloka 1951

Nú sýnir visitalan fyrir júní 1951 hækkun eða lækkun framfærslukostnaðar um 5% eða meira, frá því hækkun eða lækkun launa var síðast ákveðin, og skulu þá laun fyrir júlí 1951 hækkuð eða lækkuð samkvæmt þeirri breytingu á framfærslukostnaði, sem visitalan sýnir, en frá 1. ágúst 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Þetta tekur þó ekki til launa, sem reiknuð eru á grundvelli verðmætis afurða, svo sem aflahlutar. Þó skulu laun, hluti launa eða aðrar greiðslur til skipverja á togurum og fiskflutningaskipum, sem miðaðar eru við hundradshluta af afla, aðeins hækka í samræmi við hækkaða vísitölu samkv. þessari grein, en ekki hækka að öðru leyti að krónutali vegna gengisbreytingar samkvæmt lögum þessum.

Skilyrði launahækkunar samkvæmt þessari grein er, að launagreiðslur hækki ekki af öðrum ástæðum en lög þessi mæla, frá því sem þær voru 19. marz 1950 eða samkvæmt síðasta gildum kjarasamningi fyrir þann dag.

7. gr.

Styrkir og aðrar greiðslur, sem samkvæmt lögum eiga að greiðast með verðlagsuppbót, skulu framvegis greidd í einu lagi, þannig, að heildargreiðslan jafngildi að krónutölu þeirri fjárhæð, sem grunngreiðsla og verðlagsuppbót hefðu numið samantlagt samkvæmt þeim ákvæðum, er giltu, þegar lög þessi tóku gildi. Persónulegir styrkir mega breytast í samræmi við ákvæði 6. gr. um launabreytingar.

8. gr.

Nú skuldar lántakandi ákveðna upphæð í íslenskum krónum vegna kaupa á fasteign eða af öðrum ástæðum, og skal honum þá þrátt fyrir gengisbreytinguna eigi skylt að greiða skuldina með hærri upphæð en skuldabréf tilskilur, jafnvel þótt þar sé ákveðið, að skuldin sé háð skráðu gengi erlends gjaldeyris.

9. gr.

Verð vöru, sem framleidd er og seld innanlands, má hækka sem nemur hærri erlendum kostnaðarliðum og sem nemur innlendum kostnaðarliðum, öðrum en launum. Tillit má þó taka til þeirra breytinga á launum, sem verða í júlí 1950 og janúar og júlí 1951 samkvæmt þessum lögum vegna breytts framfærslukostnaðar samkvæmt vísitölu.

Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Þó má mjólkurverð ekki hækka vegna launahækkunar samkvæmt þessum lögum fyrr en í júlí 1950.

Til ársloka 1950 skal ekki leyft við álagningu á verzlunarvörur að leggja á þá krónutölu, sem vörurnar hækka um vegna gengislækkunarinnar. Verðlagsyfirvöldum skal þó skylt að leyfa hækkun álagningar vegna hækkunar á launum verzlunarfólks samkvæmt 6. gr.

10. gr.

Verðtollur samkvæmt lögum nr. 62/1939, sbr. 1. gr. laga nr. 2/1950, skal heimtur með 45% álagi í stað 65%.

Vörur, sem komnar eru til landsins við gildistöku laga þessara, skulu tollafgreiddar samkvæmt skráðu gengi bankanna, þegar tollafgreiðslan fer fram.

11. gr.

Framleiðslugjald skal lagt á verðmæti þeirra sjávarafurða, sem nýju togararnir afla, hvort sem þeir leggja afla sinn hér á land eða selja hann erlendis. Ef aflinn er ísfiskur, sem seldur er erlendis, skal gjaldið lagt á aflaverðmæti, sem er umfram £ 8.500 brúttó í söluferð, áður en útflutningsgjöld, tollur og löndunar- og sölukostnaður er frádrægið. Ef sala í fjórum næstu söluferðum á undan hefur numið lægri fjárhæð en £ 8.500 í söluferð að meðaltali, skal heimilt að draga það, sem á vantaði, frá gjaldskyldri fjárhæð. Gjaldið skal nema 25% af því, sem er umfram £ 8.500 sölu. Gjaldið skal tekið af óskiptum afla, þannig að ekki skal reikna aflaverðlaun eða annan hlut af þeim hluta andvirðisins, sem tekið er með þessu gjaldi. Af brúttóverðmæti sjávarafurða nýju togaranna, annarra en ísfisks og sildar, skal greiða 10%. Verðmæti þessa afla skal metið af þriggja manna nefnd, er ríkisstjórnin skipar, og skal hún miða við gangverð afla upp úr skipi á hverjum stað.

Útflutningsgjald skal lagt á hvalafurðir og nema 10% af útflutningsverðmætinu.

Framangreindu framleiðslugjaldi skal varið samkvæmt fyrirmælum fjárlaga í lánveitingar til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des. 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Þegar því er lokið, skal framleiðslugjaldinu varið til að standa straum af og endurgreiða skuldir ríkisins, sem myndast hafa í sambandi við togarakaup, ábyrgðargreiðslur og aðrar ráðstafanir og framkvæmdir í þágu sjávarútvegsins á liðnum árum, og því næst til að greiða önnur útgjöld ríkisins.

Framleiðslugjald skal lagt á allar sildarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneldis, og skal það nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Ef sumarafli skipa, er veiða í snurpinót, er minni en 6000 mál pr.

19. marz **22** skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að lækka gjaldið. Ef afli er minni en 4000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að fella það niður. Gjaldi því, sem í þessari málsgrein segir, skal varið til að setja á stofn útlánasjóð, sem rekinn sé aðallega í þágu síldarútvegsins. Þangað til slík stofnun tekur til starfa, skal gjaldið varðveitt á sérstökum reikningi í Seðladeild Landsbanka Íslands, og má ekki nota það til útlána.

12. gr.

Á árinu 1950 skal leggja sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 6/1935, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. des. 1949.

Mat á verðmæti eigna skal fara fram eftir ákvæðum skattalaga, og hrein eign skal ákveðin eins og þar segir með eftirtöldum breytingum:

1. Fasteignir skulu metnar samkvæmt fasteignamati margfölduðu með tölunni 6 að því er varðar Reykjavík, tölunni 5 að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 4000 íbúa í árslok 1948, tölunni 4 að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 2000 íbúa á sama tíma, og tölunni 3 að því er tekur til annarra landshluta.
2. Verðmæti skips skal talið vátryggingarverð þess, nema sannað sé með mati, að eðlilegt söluverð þess sé annað.
3. Innstæður erlendis, sem til voru í árslok 1949 og óeyddar eru við gildistöku laga þessara, reiknast með því verðgildi, sem þær hafa eftir að gengisbreyting samkvæmt lögnum hefur komið til framkvæmda.
4. Frá eignum dregst gengistap vegna skulda í erlendum gjaldeyri, sem ógreiddar eru við gildistöku laganna og stofnað hefur verið til vegna innflutnings á vörum eða skipum með leyfi gjaldeyrisyfirvalda, enda sé sannað, að útsöluverð vörunnar hafi verið ákveðið áður en lög þessi ganga í gildi og miðað við það gengi, er þá var.

Frá eignum dragast enn fremur þær fjárhæðir, sem lagðar hafa verið í nýbyggingarsjóði samkv. lögum nr. 20/1942, hvort sem búið er að verja þeim að öllu leyti til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki.

Félag greiða ekki eignarskatt samkvæmt lögum þessum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutfjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkvæmt sérstökum lögum. Með eignum félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, teljast ekki þær eignir, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en eiga þá að afhendast því opinbera til varðveislu, sbr. lög nr. 46/1937. Eigi heldur það fé, sem útgerðarfélög hafa lagt í nýbyggingarsjóði, samkv. lögum nr. 20/1942, um breytingar á l. nr. 6/1935.

Af eignum einstaklinga, reiknuðum samkvæmt framansögðu, eru fyrstu 300 000 kr. hjá hverjum skattaðila skattfrjálsar. Ef eign nemur 300 000—500 000 kr. reiknast 10% af því, sem er umfram 300 000 þús. kr.

Af 500 þús.—1 millj. kr. reiknast 20 þús. kr. af 500 þús. kr. og 15% af afgangi.

Af 1 millj.—1½ millj. kr. reiknast 95 þús. kr. af 1 millj. kr. og 20% af afgangi.

Af 1½ millj. kr. reiknast 195 þús. kr. og 25% af afgangi.

Skatturinn skal greiðast í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda. Nú er skattur hærri en kr. 2000.00, og er gjaldanda þá heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, er hann gefur út, en ríkisstjórnin ákveður form og texta skuldabréfanna. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 20 árum og séu ársvextir af þeim 4%.

Til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skal ríkissjóður fá veð í hinum skattlögðu 22
eignum, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, er samsvarar matsverði hennar til þessa 19. marz
skatts. Skipa skal nefnd eftir tilnefningu hæstaréttar, er hefur rétt til að ákveða, að
niður falli kvöð á gjaldanda um veðsetningu, ef nefndin telur, að veðsetningin muni
hindra eðlilegan atvinnurekstur gjaldanda. Til greiðslu á skattinum er heimilt að
afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.

Samvinnufélög og hlutafélög skulu greiða þann hluta af skatti, er eigendum
þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum. Slík útborgun
frá félögum vegna eigenda eða hluthafa telst ekki skattskyld, hvorki sem arður til
hluthafa né ráðstöfun á varasjóði, enda sé greiðslan tekin af eignum, er félagið átti
í árslok 1949. Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst
finna, hvað gjaldanda ber að greiða af nettó-eign sinni, annarri en eign í félagi. Það,
sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi. Ef um fleiri en eitt félag er
að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í
þeim. Sá skattur, sem félögum ber að greiða vegna félagsmanna sinna eða hluthafa,
skal innheimtur hjá félögunum og teljast þeirra skuld.

Af skatti þessum skulu 5 milljónir króna renna til aflatryggingasjóðs, er teknar
séu af óskiptu og greiðast af því fé, er fyrst innheimtist. Af skattinum skal enn
fremur verja 10 millj. króna til uppbóta á sparifé samkv. 13. gr.

Að öðru leyti skal skattinum skipt í tvo jafna hluta. Öðrum hlutanum skal varið
til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs, en hinn hlutinn skiptist til helminga milli
byggingarsjóðs samkv. lögum nr. 35/1946 og þeirra aðila, er byggja íbúðir samkv. I.
og III. kafla l. nr. 44/1946, í sömu hlutföllum og greinir í 1. tölul. 2. gr. Skuldabréf,
sem eignarskattur samkv. þessari grein er greiddur með skulu vera lögmæt greiðsla
upp í lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbanka Íslands, en ríkissjóður ábyrgist gagn-
vart bankanum greiðslu bréfanna.

13. gr.

Af skatti þeim, sem innheimtist samkv. 12. gr., skal 10 milljónum króna varið
til þess að bæta verðfall, sem orðið hefur á sparifé einstaklinga, þ. e. einstakra
manna, en ekki félaga, stofnana, sjóða eða annarra ópersónulegra aðila. Til spari-
fjár telst í þessu sambandi fé, sem lagt hefur verið til ávöxtunar í banka, sparisjóði,
innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar lánsstofnanir, sem eins stendur á um að
þessu leyti. Enn fremur innstæður einstaklinga í verzlunarreikningum, sem venju-
legir innlánsvextir sparisjóða hafa verið greiddir af, enda liggi fyrir yfirlýsing skatta-
nefnda um innstæðuna og skattgreiðslu af henni.

Skilyrði bóta er, að innstæðan hafi verið talin fram til skatts og staðið óslitið
frá árslokum 1941 til júníloka 1946 til ávöxtunar í nefndum láns- eða viðskiptastofn-
unum. Samt fellur réttur til bóta ekki niður, þótt sparifé hafi verið flutt úr einum
sparifjárreikningi í annan í sömu stofnun, eða úr sparifjárreikningi í einni stofnun
í sparifjárreikningi í annarri stofnun, enda hafi nefndur flutningur ekki tekið meira
en tvo daga, ef fé er flutt innan sama bæjarfélags, en annars ekki meira en tvær
vikur.

Bætur skulu því aðeins greiddar, að eigandi innstæðu sé á lífi, er lög þessi
taka gildi. Þó skulu maka innstæðueiganda, foreldri eða nið greiddar bætur á
innstæðu, sem þannig hefur gengið að erfðum.

Bætur þessar má greiða í ríkisskuldabréfum.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um framkvæmd á úthlutun bóta samkvæmt
þessari grein, þar á meðal um innköllun kröfueigenda innan hæfilegs og tiltekins
frests að viðlögðum kröfumissi. Landsbanka Íslands skal falin framkvæmd úthlut-
unarinnar.

22

19. marz

14. gr.

Um skattálagningu eftir þessum lögum skal farið eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, eftir því sem við á, enda mæli lög þessi ekki öðruvísi, þar á meðal um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög.

Eignarskattur samkv. lögum þessum er ekki frádráttarbær frá tekjum til skatts.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði, er varðar framkvæmd laga þessara, þar á meðal um úthlutun bóta á sparifé, ákvörðun framleiðslugjalds, gjalddaga þess, innheimtu og eftirlit með því, að það sé ekki undandregið, um álagningu skatts samkv. lögum þessum, kærur út af honum, fresti, úrskurði, gjalddaga, innheimtu og annað.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi 1. gr. laga nr. 51/1940, sbr. bráðabirgðalög nr. 92/1949, lög nr. 48/1942, um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, lög nr. 1/1950, um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátáutvegsins o. fl., 1.—9., 12. og 13. gr., lög nr. 37/1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu, 1. gr., II. kafli laga nr. 128/1947, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 19. marz 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um skipamælingar.

23

20. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skipaskoðunarstjóri fer með þau mál, er í lögum þessum greinir, undir yfirstjórn ráðherra.

2. gr.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn eftir þörfum til þess að vinna störf lögum þessum samkvæmt. Skilyrði til löggildingar eru þessi:

1. Óflekkað mannorð.
2. Lögræði.
3. Fjárforræði.

4. Þekking á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og nauðsynleg leikni í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum skipaskoðunarstjóra.

Áður en skipamælingamaður tekur til starfa, skal hann rita undir heit, þar sem hann leggur við drengskap sinn og heiður, að hann skuli rækja starfann með trúmennsku og samvirkusemi.

3. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, enda sé í hverju umdæmi kostur eins eða fleiri löggiltra skipamælingamanna. Skipaskoðunarstjóra er þó rétt að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

4. gr.

Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er eða skrá skal hér á landi.

Skip skal mæla samkvæmt „Alþjóðareglum um mælingar skipa“ („International Regulations for Tonnage Measurement of Ships“), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi undirrituðum í Osló 10. júní 1947.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

5. gr.

Gjald fyrir mælingu á skipi sé miðað við brúttó-rúmllestatal þess og samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 4. gr.

6. gr.

Nú er skip byggt á landi hér, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík skipaskoðunarstjóra) skriflega tilkynningu um skipasmið með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, er skipaskoðunarstjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanborðspiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er útgefið.

23

20. marz

7. gr.

Nú er skipi breytt þannig, að rúmlestatal breytist, og er þá skylt að tilkynna það samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á, enda skal þá, þegar er unnt er, ný mæling fara fram, að því leyti sem hún er nauðsynleg til ákvörðunar rúmlestatali skips. Síðan skal gefa út nýtt mælibréf, ef breyting hefur orðið á rúmlestatali.

Skila skal jafnan mælibréfi, er nýtt er gefið út.

8. gr.

Nú verða breytingar á stærð þeirra rúma, sem eru undanþegin mælingu eða dregin eru frá, þegar rúmtak er reiknað, eða breyting er gerð á notkun slíkra rúma, og ber skipstjóra eða eiganda að tilkynna það samkvæmt 6. gr. Skal þá mæla skip af nýju, að því leyti sem það er nauðsynlegt til ákvörðunar lestatala þess, og nýtt mælibréf gefið út eða tilgreint á fyrra mælibréfi, hvað breytt hafi, ef stærðin er hin sama og áður á alla vegu.

9. gr.

Nú er skipt um nafn á skipi, og skal þá mæla skip af nýju, áður en nýtt mælibréf er gefið út, nema sannað sé, að engin sú breyting hafi verið gerð á skipi, er máli skipti um rúmlestatal þess eða greinargerð í mælibréfi varðandi það.

10. gr.

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip af nýju, nema skipaskoðunarstjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

11. gr.

Skipaskoðunarstjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, síðan það var mælt og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal mæling þá fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskraðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

12. gr.

Nú er skip smíðað hér, eða því er breytt, fyrir erlendan aðila, og má þá mæla það hér og gefa út mælibréf. Svo má og mæla hér hvert erlent skip eftir beiðni hlutaðeigandi ríkisstjórnar og gefa út mælibréf, enda sé henni þegar sent eftirrit af því ásamt mælingarskýrslum.

Skip erlendra aðila skal eigi mæla, er þau koma hingað, ef þau eru úr ríki, sem bundið er við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 og mæld hafa verið samkvæmt Genfar-samþykkt 30. júní 1939. Sama er um skip úr öðru ríki, ef Ísland er samningi bundið um viðurkenningu mælibréfa, sem þar hafa verið gefin út. En rétt er þó að líta eftir því, skipi að kostnaðarlausu, að nettórúmlestatal það, sem merkt er á skip, svari til þeirrar nettórúmlestatölu, sem mælibréf greinir, og að skipi hafi ekki verið breytt svo að máli skipti í þessu sambandi, eftir útgáfu mælibréfs. Nú verður það leitt í ljós, að öðruvísi er háttað að þessu leyti en í mælibréfi segir, og skal þá tafarlaust skýra skipamælingayfirvöldum þess ríkis frá því.

13. gr.

Nú verða eigendaskipti að skipi, og það skal skrá í öðru ríki, og skal þá senda mælingayfirvöldum þess ríkis eftirrit af mælibréfi, ef það ríki er bundið við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 eða samningar standa annars til þess, ásamt mælingarskýrslum.

14. gr.

Nú er skip smíðað erlendis fyrir íslenzka aðila eða því breytt, sbr. 7. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér áður en mælibréf er gefið út, nema það ríki, sem skipið hefur fengið mælingu og mælibréf í, sé aðili að Oslóarsamningnum frá 10. júní 1947. Skal þá íslenzka mælibréfið gefið út samkvæmt því, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi til þess að mæla skipið upp að nýju.

15. gr.

Skip, sem mæld hafa verið samkvæmt reglum Genfarsamþykktar 30. júní 1939, sbr. Oslóarsamninginn 10. júní 1947, skulu fá svonefnt „alþjóðlegt mælibréf samkvæmt Oslóarsamningi 10. júní 1947“ („International Tonnage Certificate in accordance with Convention of June tenth 1947“), og skal gefa þau út bæði á íslenzku og ensku.

Sama rétt sem alþjóðlegt mælibréf veitir mælibréf, sem grundvallað er á hinni svonefndu „ensku aðferð“, og gefið er út í því landi, sem skip á heima í, áður en Oslóarsamningurinn kom til framkvæmdar, enda sé það land aðili að þeim samningi.

Gerð og efni mælibréfa skal vera samkvæmt fyrirmynd, sem fylgir Oslóarsamningnum, 5. gr. hans.

16. gr.

Skipasmið, eiganda og skipstjóra er skylt að liðsinna skipamælingamönnum og létta þeim starf þeirra og ryðja úr vegi öllu, er tálma kann því, eftir föngum.

17. gr.

Gjöld í ríkissjóð fyrir allar mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips og skipstjóri, ef hann skal beiðast mælingar. Ráðherra setur eftir tillögum skipaskoðunarstjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem hafnsögumannskaup.

18. gr.

Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem þeim á hendur eru mæltar í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð frá 100—10000 kr., nema þyngrí refsing liggja við að lögum.

19. gr.

Skip, sem mæld hafa verið eftir hinni svo nefndu ensku aðferð áður en lög þessi ganga í gildi, þarf eigi að mæla á ný, að öllu óbreyttu, er máli skiptir um rúmlestatal þeirra, og njóta þau þá þeirra réttinda, sem alþjóðleg mælibréf veita, sbr. 15. gr. Önnur skip þarf að mæla upp og gefa þeim síðan alþjóðleg mælibréf.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1950. Frá sama tíma er úr lögum numin tilskipun frá 25. júní 1869, um skipamælingar, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við þessi lög.

Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

24

31. marz

L Ö G

um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948,
um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. desember 1950, að breytttri 30. grein laganna, sem orðast svo:

Viðbótargjöld fyrir gjaldeyris- og innflutningsleyfi skal greiða:

- a. af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 25% af leyfisfjárhæð;
- b. af innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum 35% af leyfisfjárhæð. Leyfisgjaldið miðast við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og váttryggingariðgjaldi, ef leyfisfjárhæð er ekki tiltekin.

Gjöld þessi skal fjárhagsráð innheimta við afhendingu leyfanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1950.

Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

25

31. marz

L Ö G

um framlengingu á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgða-
fjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1950, skal gilda til 1. maí 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

AUGLÝSING

um fullgildingu alþjóðasamnings um verndun fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi.

26

9. marz

Hinn 9. febrúar 1950 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent fullgildingarskjal, undirritað af forseta Íslands, varðandi alþjóðasamning um verndun fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi. (International Convention for the Northwest Atlantic Fisheries). Samningur þessi var undirritaður fyrir Íslands hönd í Washington hinn 8. febrúar 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. marz 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

27

14. marz

Eftir tillögu forsætisráðherra og samkvæmt 15. og 17. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag sett eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. Forsætisráðherra, Steingrímur Steinþórsson. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, sem varða stjórnarráðið í heild, hin íslenska fálkaorða og önnur heiðursmerki, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla, ríkisprentsmiðjan Gutenberg og ríkisbúið á Bessastöðum. Félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berkla sjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir, þar með talið Brunabótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undan teknir. Byggingafélög. Enn fremur heilbrigðismál, þar á meðal sjúkrahús og heilsuhæli.
- II. Ráðherra Bjarni Benediktsson. Undir hann heyrir dómaskipun, dómsmál, önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsidóma, hegninga- og fangahús, tilögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þ. á m. gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sífjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignaréttarmál, yfirfjarráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir verzlunarskólar. Enn fremur utanríkismál.

27 III. Ráðherra Björn Ólafsson. Undir hann heyra menntamál, þar undir skólar, sem
14. marz ekki eru sérstaklega undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun, barnaverndarmál, Menntamálaráð Íslands, leiklistarmál og kvikmyndamál, skemmtana-skattur. Viðskiptamál, önnur en utanríkisverzlun með sjávarafurðir. Bankar, sparisjóðir, gjaldeyrismál og verðlagsmál. Enn fremur flugmál, þ. á m. flugvallarekstur. Póst-, síma- og loftskammtamál.

IV. Ráðherra Eysteinn Jónsson. Undir hann heyra fjármál ríkisins. Þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna, undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjár-aukalög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningasláttu. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Hagstofan. Mæling og skrásetning skipa.

V. Ráðherra Hermann Jónasson. Undir hann heyra landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þ. á m. skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélag, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóð-jarðamál, Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur rafmagnsmál, þ. á m. rafmagns-veitur ríkisins og rafmagnseftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorku-notkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Námurekstur. Kaupfélög og samvinnufélög. Atvinnudeild háskólans. Rannsóknarráð ríkisins. Kirkjumál. Samgöngumál, sem eigi eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir vegamál.

VI. Ráðherra Ólafur Thors. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið og fiskimálasjóður, síldarútvegsmál (síldarverksmiðjur og síldarútvegsnefnd), svo og öll önnur atvinnumál, sem eigi eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum. Utanríkisverzlun með sjávarafurðir. Landssmiðjan. Mælitækja- og vogaráhaldamál. Atvinna við siglingar. Stýrimannaskólinn. Skipaskoðun ríkisins. Vitamál. Hafnarmál. Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaréttarleyfi. Veðurstofan.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórna málefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 6. desember 1949, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 14. marz 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

28

22. marz

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47/1942,
fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 47/1942, fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

19. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skylt er öllum skrásettum stúdentum að ganga undir berklarannsókn á hverju ári eftir tilvísun rektors. Enn fremur skal læknisskoðun fara fram á hverjum stúdent, sem æskir skrásetningar, og verður sú skoðun framkvæmd stúdentum að kostnaðarlausu af lækni þeim, er háskólaráð ræður til þess. Skylt er hverjum stúdent að láta skoða sig með sama hætti í byrjun þriðja námsárs.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 22. marz 1950.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

29

4. apríl

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forsetinn, herra Sveinn Björnsson, hefur tekið sér hvíld frá störfum um stundarsakir og mun dvelja erlendis nokkrar vikur. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 4. apríl 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

30

14. apríl

um samkomulag, er gert var í Reykjavík 24. nóvember 1949
milli íslenzkra og hollenzkra stjórnarvalda um nokkur
atriði varðandi sölu íslenzkra afurða til Hollands.

Hinn 24. nóvember 1949 var gengið frá samkomulagi milli íslenzkra og hollenzkra stjórnarvalda um eftirfarandi atriði:

1. Um afhendingartíma fyrir eftirstöðvar af hraðfrystum fiski, er seldur var til Hollands með samningi, dags. 15. desember 1948, milli Stichting Voedselvoorziening Import Bureau, Haag, og viðskiptadeildar utanríkisráðuneytisins. Enn fremur var samið um geymslugjald fyrir fiskinn.

- 30** 2. Um sölu til Hollands á ákveðnum hundraðshluta af útfluttu síldarmjöli af vetrarframleiðslu 1949—50.
14. apríl 3. Um sölu til Hollands á 3000 smál. af fiskimjöli, framleiddu fyrri hluta árs 1950.
4. Um sölu til Hollands á 4000 smál. af þorskalýsi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 14. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

31

14. apríl

AUGLÝSING

um framlengingu á viðskiptasamkomulagi milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 31. marz 1950 var undirrituð í Stokkhólmi bókun um framlengingu til eins árs, eða til 31. marz 1951, á viðskiptasamkomulagi því, er undirritað var í Stokkhólmi 16. júní 1945, með smávægilegum breytingum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 14. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

32

18. apríl

AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Finnlands.

Hinn 6. marz 1950 var undirritaður í Helsingfors viðskiptasamningur milli Íslands og Finnlands.

Viðskiptasamningurinn gildir frá 1. marz 1950 til 28. febrúar 1951, og er með honum felldur úr gildi viðskiptasamningurinn frá 20. maí 1949. Verði samningnum ekki sagt upp fyrir árslok 1950, framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár.

Samkvæmt hinum nýja viðskiptasamningi er gert ráð fyrir, að Finnar kaupi af Íslendingum:

2 800 smál. af síld.

200 — — hertu þorska- eða síldarlýsi.

60 — — meðalalýsi.

90 — — fóðurlýsi.

25 — — iðnaðarlýsi.

3½ af hundraði af því síldarmjöli, sem verður flutt úr af framleiðslu sumarsins 1950, þó ekki yfir 1000 smálestir.

Kindagarnir fyrir 10 000 sterlingspund.

Auk þess eru möguleikar á sölu til Finnlands á hraðfrystum fiski, söltuðum gærum o. e. t. v. fleiri vörum.

Frá Finnlandi er gert ráð fyrir, að Íslendingar kaupi eftirtaldar vörur:

32

18. apríl

Staura o. fl.	10 000	sterl.pund
Timbur	200 000	—
Krossvið	30 000	—
Dilplötur og aðrar plötur til bygginga	15 000	—
Blaðapappír	40 000	—
Annar pappír	40 000	—
Pappír og vörur til úrvinnslu á pappa og pappír	30 000	—
Fræ (alopecurus og timotei)	10 000	—
Ýmsar vörur	30 000	—

Enn fremur eru möguleikar á kaupum frá Finnlandi á sildartunnum, tunnustaf, asbestplötum, asbesti o. fl.

Sama dag var undirritaður í Helsingfors greiðslusamningur milli Íslands og Finnlands, er gildir frá 1. marz 1950. Hvor aðili um sig getur sagt honum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 18. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

33

18. apríl

um vöruskiptasamkomulag við Sviss.

Með orðsendingum, er fóru milli utanrikisráðuneytis Íslands og viðskipta- deildar atvinnumálaráðuneytis Svisslands í desember 1949 og febrúar 1950, varð samkomulag um að framlengja með smávægilegum breytingum vöruskiptasam- komulag, er gert var milli Íslands og Sviss í ágúst 1948, með orðsendingum milli sendiráðs Íslands og sendiráðs Sviss í Kaupmannahöfn. Gildir framlengingin til ársloka 1950.

Samkvæmt samkomulaginu selja Íslendingar hraðfrystan fisk til Sviss, en kaupa í staðinn vefnaðarvöru, úr og klukkur o. fl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 18. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

34
27. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 3. málsg. 17. gr. laganna bætist:

Nú gerir skattgreiðandi ekki fulla grein fyrir, á hvaða ári eignaraukinn hefur myndast, og getur framtalsnefnd þá skipt því, sem umfram kann að verða, jafnt á skattárin 1942—46 og reiknað skatt af hverjum hluta sem viðbótartekjum og viðbótareign fyrir hvert ár, þó þannig, að skatturinn fyrir öll árin nemi ekki minna en 20%, ef undandreginn eignarauki er 45—60 þús. kr., og 25% af því, sem þar er fram yfir. Ákvæði þessi gilda einnig um eignarauka, sem til hefur orðið fyrir 1. janúar 1940, en þá þó þannig, að sannist ekki, hvaða ár tekjuundandráturinn, sem hefur myndað eignaraukann, hefur átt sér stað, skal skipta honum á árin 1936—40.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

35
27. apríl

L Ö G

um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar verðgæzlustjóra á þann hátt, er síðar greinir í lögum þessum, til þess að hafa eftirlit með verðlagi í landinu.

2. gr.

Verðgæzlustjóri skal skipaður með eftirfarandi hætti:

Stjórnir Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Far-

manna- og fiskimannasambands Íslands, Kvenfélagasambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands isl. útvegsmanna og Stéttarsambands bænda tilnefna hver um sig einn mann í nefnd, sem gerir tillögur um, hver skuli skipaður verðgæzlustjóri.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. Ef atkvæði eru jöfn, sker ríkisstjórnin úr.

Ríkisstjórnin skipar verðgæzlustjóra samkvæmt tillögum nefndarinnar, og verðgæzlustjóri ræður starfsmenn sína og trúnaðarmenn í samráði við hana.

3. gr.

Verðgæzlustjóri skal hafa eftirlit með því, að verðlagsákvæðum fjárhagsráðs sé hlýtt.

Hann annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið.

Hann skal vekja athygli fjárhagsráðs á því, ef sams konar eða svipuð vara er löglega seld með mismunandi verði, svo að fjárhagsráð geti beint innkaupum þangað, sem þau eru hagkvæmust.

Skýlt er verðgæzlustjóra að gera rækilegan samanburð á verðlagi og gæðum íslenskra iðnaðarvara og sams konar vara, sem hægt er að fá erlendis frá. Ársfjórðungslega gefi verðgæzlustjóri fjárhagsráði skýrslu um athuganir þessar. Skýrslan beri með sér, hver fyrirtæki innlend standist samanburð við útlönd og sé hagfelldast, að annist framleiðslu á þeim höfuðnaðsynjum, sem þjóðin þarfnast frá iðnaðinum.

4. gr.

Fjárhagsráð skal ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvæðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Fjárhagsráð getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum.

Þá getur fjárhagsráð og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur fjárhagsráð ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

5. gr.

Fjárhagsráð getur að meira eða minna leyti fengið ákveðnum trúnaðarmanni sínum í hendur vald til að framkvæma í sínu umboði þær verðlagsákvæðanir, sem ræðir um í 4. gr.

6. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildar-álagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

35

27. apríl

7. gr.
Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka á einu því, sem háð er verðeftirliti samkvæmt 4. gr., nema með leyfi fjárhagsráðs. — Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.

8. gr.

Allar verðlagsákvæðanir, sem samþykktar eru af fjárhagsráði, skulu birtar þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda, þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

9. gr.

Verðgæzlustjóri og þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkv. lögum þessum, geta krafist hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu, enda hvílir á þeim þagnarskylda um þau atriði, er þeir komast að í greindu starfi, og er þeim bannað að skýra óviðkomandi frá því, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum alm. hegningarlaga um opinbera starfsmenn.

II. KAFLI

10. gr.

Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á lögum þessum.

11. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti 2 menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómari, sem skipaður er af dómsmálaráðherra eftir tilnefningu nefndar þeirrar, er um ræðir í 2. gr. laga þessara. Í Reykjavík er saka-dómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til eins árs. Var-menn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

12. gr.

Dómsmálaráðuneytið tilkynnir nefnd þeirri, er stjórnir stéttasamtakanna skipa samkv. 2. gr. laga þessara, hvenær hún skuli hafa tilnefnt meðdómendur í verð-lagsdóm.

Hafi ráðuneytinu ekki borizt tilnefningar nefndarinnar á tilsettum tíma, skipar dómsmálaráðherra meðdómendurnar án tilnefningar.

13. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómenda dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglunum um kæru.

14. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

15. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað.

16. gr.

35

Ef ágreiningur verður milli dómara, sker atkvæði formanns úr.
Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

27. apríl

17. gr.

Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjódómi.

18. gr.

Áfrýjun mála til hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.

19. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, verðgæzlustjóra eða embættis- og starfsmönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, er honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 króna dagsektum.

Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur vísitandi eða vegna vítaverðs gáleysis, sæti refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum eða samþykktum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða afbrot er ítrekað, skal sökunautur sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá úr gildi III. kafla l. nr. 70 frá 5. júní 1947 og umboð verðlagsstjóra, starfsmanna hans í verðlagseftirlitinu og trúnaðarmanna, þó ekki fyrir en skipaður hefur verið verðgæzlustjóri og hann tekið til starfa.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

36

um ónæmisáðgerðir.

27. apríl

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ónæmisáðgerðir, sem lög þessi taka til, eru bólusetning gegn

1. bólusótt (kúabólusetning),
2. barnaveiki,
3. taugaveiki,
4. kikhósta,
5. berklaveiki,

- 36 6. öðrum sóttum, er til greina koma hér á landi, ef virk ónæmisaðgerð gegn þeim
27. apríl verður kunn,
7. enn öðrum sóttum, þegar sérstaklega stendur á, einkum í sambandi við ferðir manna úr landi.

2. gr.

Í Reykjavík og annars staðar, þar sem heilsuverndarstöðvar hafa með höndum almennt eftirlit með ungbörnum, skal í sambandi við framkvæmd eftirlitsins kúabólusetja (frumbólusetja) hvert barn í umsjá stöðvarinnar, eftir að það er orðið misserisgamalt, en áður en það er árgamalt.

Nú verður kúabólusetningu barns samkvæmt þessari grein ekki komið við í tæka tíð vegna sjúkleika barnsins eða annars, og skal þá heilsuverndarstöðin annast kúabólusetningu þess jafnskjótt sem því verður við komið.

3. gr.

Þar, sem ekki er heilsuverndarstöð, sem hefur með höndum ungbarnaeftirlit, skulu foreldrar og aðrir forsjármenn ungbarna eiga kost á og gera ráðstafanir til að fá þau kúabóluset (frumbóluset), eftir að þau eru orðin misserisgömul, enda gera sér far um að fá því lokið, áður en þau eru tveggja ára.

Kúabólusetningu samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella héraðslæknar. Þegar sérstaklega stendur á, er þó héraðslækni heimilt að fela ljósmóður eða öðrum hæfum bólusetjara að annast þessa kúabólusetningu í sínu umboði.

4. gr.

Nú er barn komið á skólaaldur og hefur ekki verið kúabóluset samkvæmt 2. og 3. gr., og skal þá skólalæknir (héraðslæknir), jafnframt því sem skólaskoðun er framkvæmd, gera ráðstafanir til þess, að barnið verði kúabóluset (frumbóluset) þegar á fyrsta skólaári, en ef því verður ekki við komið, þá svo fljótt sem við verður komið.

Kúabólusetningu samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella skólalæknir (héraðslæknir) sjálfur, jafnframt því sem skólaskoðun er framkvæmd, eða skólahjúkrunarkona undir eftirliti hans, ef hennar er völ.

5. gr.

Skólalæknir (héraðslæknir) skal gera ráðstafanir til þess, að sérhvert skólabarn sé kúabóluset á ný (endurbóluset), eftir að það er orðið fullra 10 ára, en áður en það er 13 ára.

Um framkvæmd kúabólusetningar samkvæmt þessari grein fer á sama hátt sem um framkvæmd kúabólusetningar samkvæmt 4. gr.

6. gr.

Nú ferst kúabólusetning samkvæmt 5. gr. fyrir, og skal þá barn það eða unglingur, er í hlut á, eiga kost á kúabólusetningu (endurbólusetningu) á heilsuverndarstöð, þar sem hún er, en ella hjá héraðslækni.

7. gr.

Almenningi skal gera kost ónæmisaðgerða samkvæmt 1. gr., 2. og 5. tölulið, svo og eftir því sem þörf kann að krefja samkvæmt 3., 4., 6. og 7. tölulið, samkvæmt hinum síðast nefnda tölulið þó aðeins að svo miklu leyti sem við verður komið.

Ónæmisaðgerðir samkvæmt þessari grein annast heilsuverndarstöðvar, þar sem þær eru, en ella héraðslæknar.

8. gr.

Þegar ætla má, að sérstakar starfsstéttir eigi öðrum fremur á hættu að sýkjast af hættulegri sótt (svo sem farmenn á sjó eða í lofti, lækna- og hjúkrunarfólk, sóttgæzlumenn o. s. frv.), er héraðslækni heimilt í samráði við landlækni að gera ráðstafanir til þess, að fólk úr þeim stéttum verði bólusettt gegn þeirri sótt, sem um er að ræða. M. a. kemur hér til greina kúabólusetning um fram það, sem fyrir er mælt í 2.—6. gr.

Þegar mikil sóttþætta er yfirvofandi, er ráðherra heimilt að fyrirskipa almenna bólusetningu gegn þeirri sótt, sem um er að ræða, og láta ná til tiltekinna svæða, eða landsins í heild, ef þurfa þykir.

9. gr.

Heilsuverndarstöðvar og héraðslæknar ákveða í samráði við landlækni og gera almenningi nægilega kunnugt, hvernig framkvæmdum ónæmissaðgerða samkvæmt lögum þessum skuli hagað, svo að almenningur eigi hæfilega greiðan aðgang að þeim, eftir því, sem til hagar á hverjum stað, og hafi þeirra sem fyllst not.

Berklayfirlæknir hefur yfirstjórn bólusetningar gegn berklaveiki og segir fyrir um framkvæmd hennar.

10. gr.

Nú kemur í ljós, að bóluefni, sem notað hefur verið til ónæmissaðgerðar samkvæmt lögum þessum, hefur verið óvirkt, og skal þá sú ónæmissaðgerð metin ógerð, og sé um ónæmissaðgerð að ræða, sem skylt er að undirgangast, skal hún endurtekin með virku bóluefni, svo fljótt sem við verður komið.

Ef vitað er, að kúabóla hefur ekki komið út, og óvirku bóluefni þó ekki um að kenna, skal endurtaka kúabólusetningu (frumbólusetningu, endurbólusetningu), eftir því sem við verður komið, og frumbólusetningu tvisvar, ef á sama hátt fer í annað sinn.

11. gr.

Við framkvæmd ónæmissaðgerða samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að þyrpa fólki sem allra minnst saman til aðgerðanna.

12. gr.

Landlæknir gerir úr garði og lætur heilsuverndarstöðvum og héraðslæknum í té sérstakar skírteinibækur, ónæmiskírteini. Skal sérhver sá, er leitar ónæmissaðgerðar hjá þessum aðilum, hafa slíka skírteinibók í höndum, varðveita hana trúlega og láta skrá í hana allar ónæmissaðgerðir, er hann undirgengst samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Ekki má staðfesta barn, né gefa saman hjón, nema ónæmisskírteini hlutaðeiganda beri með sér, að hann hafi verið kúabólusettur samkvæmt ákvæðum laga þessara. Sömu skilyrðum skal og háð, að fólk fái inngöngu í framhaldsskóla og aðra skóla en barnaskóla. Setja mega skólar, einkum heimavistarskólar, ríkari inngönguskilyrði, að því er varðar ónæmissaðgerðir.

Ekki má ráða hjúkrunarkonur, hjúkrunarnema eða þjónustufólk sjúklinga að berklahælum eða öðrum stofnunum, þar sem vistaðir eru berklasjúklingar, nema það svari jákvætt við berklapróf, ella undirgangist berklabólusetningu, áður en það hefur vistina. Sama gildir um læknanema, er nám stunda við slíkar stofnanir.

14. gr.

Heilsuverndarstöðvar og héraðslæknar skulu skrá í bækur sínar eða spjaldskrár þá, er þeir gera á ónæmissaðgerðir samkvæmt lögum þessum, enda vera við því húnir að gefa vottorð þar að lútandi, ef á þarf að halda, svo sem ef ónæmiskírteini glatast.

36 Kúabólusetningar og aðrar ónæmisaðgerðir skólalækna (héraðslækna) í barnaskól-
27. apríl um skal þó skrá í nemendaskrá hlutaðeigandi skóla.

15. gr.

Héraðslæknar skulu í ársskýrslu sinni á þar til gerðu eyðublaði, er landlæknir lætur í té, gera skýrslu um ónæmisaðgerðir þær, sem framkvæmdar hafa verið í héraði þeirra á árinu samkvæmt lögum þessum. Skal skýrslan bera með sér, gegn hverjum sóttum hefur verið bóluset, og hversu margir gegn hverri sótt.

16. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins annast útvegum bóluefnis til ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum. Kostnaður af öflun kúabóluefnis og annars bóluefnis til ónæmisaðgerða, sem framkvæmdar eru á opinberan kostnað samkvæmt 17. gr., greiðist úr ríkissjóði.

17. gr.

Kostnað af framkvæmd kúabólusetningar svo og bólusetningar gegn barnaveiki og berklaveiki af hendi heilsuverndarstöðva samkvæmt lögum þessum skal telja með kostnaði af rekstri stöðvanna.

Kostnað af framkvæmd almennrar berklabólusetningar utan heilsuverndarstöðva, en á vegum berklayfirlæknis, skal greiða af berklavarnafé.

Skólalæknum (héraðslæknum), sem hafa umsjón með eða annast kúabólusetningu í barnaskólum jafnframt skólaeftirliti samkvæmt 4. eða 5. gr., ber ekki fyrir það aukreitis þóknun.

Nú framkvæmir héraðslæknir, þar sem ekki er heilsuverndarstöð, kúabólusetningu samkvæmt 3. eða 6. gr., og ekki er til að dreifa vanrækslu þeirra, sem kúabólusetningarinnar leita, og greiðist þá kostnaðurinn af aðgerðinni úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna.

Kostnaður af framkvæmd fyrirskipaðra ónæmisaðgerða samkvæmt 8. gr. greiðist úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna eða samkvæmt samningi við heilsuverndarstöðvar og héraðslækna, eftir því, sem henta þykir.

Kostnað af framkvæmd annarra ónæmisaðgerða samkvæmt lögum þessum greiða hlutaðeigendur sjálfir samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, að svo miklu leyti sem sjúkrasamlög taka ekki á sig kostnaðinn.

18. gr.

Heimilt er ráðherra að setja reglugerð, þar sem kveðið er nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd laga þessara, þ. á m. um tilhögun hinna einstöku ónæmisaðgerða.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal vanræksla að leita ónæmisaðgerðar, sem skylt er að undirgangast, varða sektum, 100—10000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1951, þó ekki ákvæði 13. gr. um ónæmisskirteini fyrr en jafnóðum sem lögin koma til framkvæmda, og gilda þá fyrst um sinn bóluvottorð samkvæmt fyrri bólusetningarlögum.

Jafnframt því sem lög þessi ganga í gildi, falla úr gildi lög nr. 34 27. september 36 1901, um bólusetningar, svo og lög nr. 16 22. október 1912, um breyting á þeim lögum. 27. apríl

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

37

29. apríl

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 20. maí 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

38
27. apríl

AUGLÝSING

um bókun um viðskipti milli Íslands og Ungverjalands.

Hinn 3. marz 1949 var undirrituð í Kaupmannahöfn af fulltrúum íslenskra og ungverskra stjórnarvalda bókun um viðskipti milli Íslands og Ungverjalands.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 27. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

39
28. apríl

AUGLÝSING

um fullgildingu milliríkjasamnings um radióþjónustu fyrir skip.

Hinn 4. febrúar 1950 var utanríkisráðuneyti Danmerkur afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi milliríkjasamning um radióþjónustu fyrir skip (European Regional Convention for the Maritime Mobile Radio Service). Samningur þessi var undirritaður fyrir Íslands hönd í Kaupmannahöfn hinn 17. september 1948.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

40
2. maí

AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Póllands.

Hinn 18. nóvember 1949 var undirritaður í Varsjá viðskiptasamningur milli Íslands og Póllands. Samningurinn gildir frá 1. janúar 1950 til 31. desember 1950. Segi annar hvor samningsaðilinn honum ekki upp þremur mánuðum áður en samningstímanum lýkur, framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár, og síðan áfram um eitt ár í senn.

Samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir, að Pólverjar kaupi frá Íslandi:

- 600 smál. af gærum,
- 400 smál. af meðalalýsi,
- 1 000 smál. af freðsild,
- 1 000 smál. af hraðfrystum fiski,
- 500 smál. af fiskimjöli,
- 30 000 tonn af saltsíld

og enn fremur nokkuð af síldarlýsi og ef til vill fleiri vörur.

Frá Póllandi er gert ráð fyrir, að Íslendingar kaupi:

75 000 smál. af kolum,
1 500 smál. af sykri,
2 100 smál. af rúgi og rúgmjöli,
600 smál. af jární,
150 smál. af nöglum,
150 smál. af sinkhvítu og blýmenju

40

2. maí

og enn fremur aðrar vörur (hreinlætistæki, vefnaðarvöru, rúðugler o. fl.) fyrir um 136 000 sterlingspund.

Sama dag var undirritaður greiðslusamningur milli Íslands og Póllands, og eru ákvæðin um gildistíma hans eins og í viðskiptasamningnum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 2. maí 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

41

9. maí

um viðskiptasamning milli Íslands og Vestur-Þýskalands.

Hinn 15. marz 1950 fór fram bráðabirgðaundirskrift undir viðskiptasamning milli Íslands og sambandslýðveldisins Vestur-Þýskalands. Gildistími hans er til 31. desember 1950.

Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir útflutningi á fiski frá Íslandi til Vestur-Þýskalands fyrir 2.5 millj. dollara, og enn fremur sildarlýsi, sildarmjöli, gærum o. fl.

Íslendingar munu kaupa frá Vestur-Þýskalandi vörur fyrir 2.5 millj. dollara, einkum fiskinet, vörur úr spunaefnum, járn og stál (valsað og stept), raftækja-útbúnað, vélar, járn-, stál-, blý- og aðrar málmvörur, efnavörur og vörur skyldar þeim (linoleum o. fl.), áburð, sement, gler-, leir og postulínsvörur o. fl.

Samningurinn gengur endanlega í gildi við fulla undirskrift og með fullgildingu verzlunar- og siglingasamnings milli Íslands og sambandslýðveldisins Vestur-Þýskalands.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 9. maí 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

42
8. maí

L Ö G

um dánarvottorð og dánarskýrslur.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Dánarvottorð samkvæmt ákvæðum laga þessara skal rita fyrir hvern mann, er deyr hér á landi, sbr. þó ákvæði 11. greinar. Nú deyr maður erlendis, en útför hans er gerð hér á landi, og skal þá engu síður rita fyrir hann dánarvottorð samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Landlæknir semur leiðbeiningar um ritun dánarvottorða, er ráðherra staðfestir.

Dánarvottorð ritar löggiltur læknir á eyðublað, er landlæknir gerir úr garði og lætur í té.

2. gr.

Þá er maður deyr í kaupstað eða kauptúni, þar sem læknir situr, eða í næsta nágrenni læknis, þó að utan kaupstaðar sé eða kauptúns, og læknir hefur stundað hinn látna í banalegunni, skoðar sá hinn sami læknir líkið og ritar að því búnu dánarvottorð.

Nú er ekki auðið að ná til læknis þess, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, og skal þá innan sólarhrings sækja lækni til að skoða líkið og rita dánarvottorð.

3. gr.

Þá er maður deyr utan kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr, eða utan næsta nágrennis læknis (sbr. 2. gr.), og læknir hefur stundað hinn látna í banalegunni, ritar sá hinn sami læknir dánarvottorð.

Nú er ekki auðið að ná til læknis þess, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, og skal þá, svo fljótt sem við verður komið, tilkynna hlutaðeigandi héraðslækni mannslátið og skýra honum nákvæmlega frá tildrögum þess. Ritar héraðslæknir síðan dánarvottorð samkvæmt þeim upplýsingum.

4. gr.

Þá er maður deyr erlendis eða á höfum úti eða í lofti og líkið er flutt hingað til lands til að gera hér útför hans, fer um ritun dánarvottorðs hins látna eins og hann hefði andazt á þeim stað, þar sem líkið er flutt á land.

5. gr.

Ekki má gera útför manns, hvort sem er jarðarför eða bálför, nema fyrir hendi sé dánarvottorð hans samkvæmt ákvæðum 2.—4. greinar.

Prestur (sem í lögum þessum táknar jafnframt hvern annan löggiltan forstöðumann löggilts safnaðar) veitir viðtöku og annast skil á dánarvottorðum þeirra, er hann syngur yfir, þegar útför þeirra er gerð.

Nú er ekki presti ætlað að aðstoða við útför manns, og skal þá engu síður af-

henda dánarvottorð hans presti hans, ef hinn látni hefur talizt til safnaðar á þeim stað, þar sem útförin er gerð, en ella hlutaðeigandi sóknarpresti. Slík útför er óheimil, nema fyrir hendi sé vottorð hlutaðeigandi prests til staðfestingar því, að í vörzlum hans sé dánarvottorð hins látna. Sama gildir, þegar lík er flutt úr landi. 42
8. maí

Þá er sérstök vandkvæði eru á því vegna fjarlægðar eða samgönguferfiðleika, að hlutaðeigandi presti geti í tæka tíð, áður en útför er gerð, borizt dánarvottorð, er um ræðir í 3. gr., má í þess stað koma tilkynning (símleiðis eða á annan hátt) frá hlutaðeigandi héraðslækni um, að hann hafi ritað og í sínum vörzlum dánarvottorð hins látna.

6. gr.

Enginn má taka lík til flutnings úr einu prestakalli í annað til útfarar, nema líkinu fylgi dánarvottorð samkvæmt lögum þessum, og skal hefta vottorðið við fylgibréfið, þegar um fylgibréf er að ræða. Sá, er annast líkflutninginn, ber ábyrgð á því, að dánarvottorðinu sé skilað með líkinu (fylgibréfinu).

Um flutning líks úr landi sbr. 3. málsgrein 5. greinar.

7. gr.

Prestur tölusetur og áritar dánarvottorð, er honum berast, og lætur þeirra getið við nöfn hinna látnu í dánarskrá ministerialbókar (safnaðarbókar) sinnar.

Að hverju ári liðnu og ekki síðar en fyrir janúarlok næsta ár les prestur í sundur dánarvottorð þau, er honum hafa borizt á hinu liðna ári, og sendir hvert eitt til héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis) í því héraði, þar sem hinn látni, er vottorðið fjallar um, andaðist. Tilkynningu um dánarvottorð í vörzlum héraðslæknis samkvæmt ákvæðum niðurlagsmálsgreinar 5. greinar skal í þessu sambandi fara með sem dánarvottorð.

Dánarvottorð þeirra, sem látizt kunna að hafa erlendis, skal senda héraðslækni í því héraði, þar sem hinn látni átti síðast heimili.

8. gr.

Prestur semur fyrir hvert liðið ár skýrslu um fólksfjölda, barnkomu og manndauða í prestakalli sínu (söfnuði) á eyðublað, er landlæknir gerir úr garði og héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) láta prestum í té. Nú telst prestakall (söfnuður) til fleiri læknishéraða en eins, og semur þá prestur sérstaka skýrslu fyrir hvern hluta prestakalls (safnaðar). Skýrslu þessa eða skýrslur sendir prestur hlutaðeigandi héraðslækni eða héraðslæknum, jafnframt því sem hann stendur skil á dánarvottorðum samkvæmt ákvæðum 7. greinar.

9. gr.

Héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir) semur fyrir hvert liðið ár skýrslu um fólksfjölda, barnkomu og manndauða í héraði sínu á eyðublað, er landlæknir gerir úr garði og lætur í té. Skýrslu þessa sendir héraðslæknir landlækni ekki síðar en fyrir lok marzmánaðar ár hvert og lætur fylgja skýrslunni allar skýrslur presta samkvæmt 8. gr. ásamt tilheyrandi dánarvottorðum.

10. gr.

Landlæknir stendur hagstofunni skil á skýrslum þeim ásamt dánarvottorðum, er honum heimast samkvæmt ákvæðum 9. greinar. Hagstofan semur upp úr skýrslum þessum og öðrum gögnum (sbr. 11. gr.) dánarskýrslur fyrir allt landið. Dánarskýrslum og útgáfu þeirra hagar hagstofan í samræmi við alþjóðareglur, er Ísland hefur gerzt aðili að.

42

8. maí

11. gr.

Í mannskaðaskýrslur samkvæmt ákvæðum laga nr. 42 10. nóvember 1913 sækir hagstofan m. a. vitneskju um mannskaða, er verða, án þess að lík finnist, og fyrir-mæli um dánarvottorð samkvæmt lögum þessum taka ekki til.

Fyrir andvana fædd börn eru ekki rituð dánarvottorð, en telja skal þau fram í skýrslum presta samkvæmt 8. gr. Í skýrslu sinni samkvæmt 9. gr. gerir héraðslæknir sem fyllsta grein fyrir tildrögum andvanafæðinga og styðst í því efni við skýrslur ljósmæðra.

12. gr.

Í viðurkenndum sjúkrahúsum er heimilt að fela sérfræðingi að rannsaka lík látinna sjúklinga í því skyni að leiða ýtarlega í ljós banamein þeirra, sbr. einnig ákvæði 6. gr. laga nr. 66 19. júní 1933, varðandi rannsókn banameina í sambandi við framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana. Þá er slík rannsókn fer fram, skal ekki rita dánarvottorð fyrr en niðurstöður hennar eru kunnar.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, allt að 1000 krónum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum.

14. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1951, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 30 11. júlí 1911, um dánarskýrslur, svo og lög nr. 24 31. maí 1927, um rannsókn bana-meina og kennslu í meina- og líffærafræði, og lög nr. 54 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1950.

43

16. maí

HANDHAFAR VÁLDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1950 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	40 000 000	
2. Stríðsgróðaskattur	4 000 000	
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga	2 000 000	42 000 000
3. Vörumagnstollur	21 000 000	
4. Verðtollur	78 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni	9 500 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum	6 500 000	115 000 000
7. Fasteignaskattur	700 000	
8. Lestagjald af skipum	250 000	
9. Bifreiðaskattur	3 500 000	4 450 000
10. Aukatekjur	1 800 000	
11. Stimpilgjald	4 500 000	
12. Vitagjald	900 000	
13. Leyfisbréflagjald	150 000	
14. Erfðafjárskattur	300 000	
15. Veitingaskattur	3 500 000	
16. Útflutningsleyfisgjald	300 000	11 450 000
17. Söluskattur		47 500 000
18. Leyfisgjöld		3 500 000
Samtals	223 900 000

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður landssímans	1 701 000	
2. — áfengisverzlunar	48 408 000	
3. — tóbakseinkasölu	19 520 162	
4. — ríkisútvarps	612 020	
5. — ríkisprentsmiðju	200 000	
6. — landssmiðju	60 000	
7. — trésmiðju	5 000	
8. — oliuflutningaskipsins Þyrils	600 000	
9. — innkaupastofnunar ríkisins	4 200	
		71 110 382
<i>Sundurliðun.</i>		
<i>1. Póstsjóður.</i>		
I. Tekjur		8 600 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	360 000	
2. Póststofan í Reykjavík	2 820 000	
3. Önnur pósthús	1 705 000	
4. Póstflutningar	2 800 000	
5. Önnur gjöld	585 000	
6. Fyrning af fasteignum	4 000	
7. Gengistap	326 000	
		8 600 000
<i>2. Landssíminn.</i>		
I. Tekjur		27 578 000
II. Gjöld:		
a. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum	1 000 000	
b. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans	941000	
2. Ritsíminn í Reykjavík	2734000	
3. Loftskreyttistöðin í Reykjavík	307000	
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	560000	
5. Bæjarsíminn í Rvík og Hafnarfirði að frádregnum stofngjöldum	4809000	
6. Áhaldahúsið	308000	
7. Ritsíminn á Akureyri	603000	
8. Ritsíminn á Seyðisfirði	317000	
9. Ritsíminn á Ísafirði	356000	
10. Símastöðin á Borðeyri	226000	
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	324000	
12. Símastöðin á Siglufirði	491000	
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	2524000	
		14 500 000

	kr.	kr.
c. Eyðublöð, prentkostnaður ritföng	430 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva	1 611 000	
e. Viðhald landssímanna	5 576 000	
f. Framhaldsgjald	210 000	
g. Ýmis gjöld	200 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum	420 000	
i. Vextir af lánum	430 000	
j. Slysatryggingar	300 000	
k. Gengistap (helmingur heildartaps)	1 200 000	
		25 877 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	1 701 000
<i>Eignabreytingar landssímans.</i>		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		750 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 000 000
III. Til talstöðva í báta og skip		150 000
IV. Til loftskýtastöðva í skip		100 000
V. Til stækkunar á sjálfvirku stöðinni í Reykjavík ..		700 000
VI. Til stuttbylgjusambands við Vestmannaeyjar		400 000
VII. Til nýrra landsímalína		400 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	. . .	3 500 000
<i>3. Áfengisverzlun ríkisins.</i>		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		53 000 000
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun	409350	
b. Verðlagsuppbót	818700	
	<hr/>	
	1 228 050	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	415 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	698 950	
4. Útsvar	2 250 000	
		4 592 000
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	48 408 000
<i>4. Tóbakseinkasala ríkisins.</i>		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		22 000 000
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	180946	
2. Verðlagsuppbót	361892	
	<hr/>	
	542 838	
b. Annar rekstrarkostnaður	937 000	
c. Útsvar	1 000 000	
		2 479 838
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	19 520 162

		kr.	kr.
<i>5. Ríkisútvarpið.</i>			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		3 600 000	
b. Aðrar tekjur		900 000	4 500 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	484700		
2. Verðlagsuppbót	969400		
		1 454 100	
b. Útvarpsefni		1 100 000	
c. Skrifstofukostnaður		325 000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti		150 000	
e. Til útvarpsstöðva		700 000	
f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.		50 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins		90 000	
h. Óviss útgjöld		50 000	
i. Bifreiðakostnaður		35 000	
j. Fyrning á húsum og vélum		100 000	4 054 100
			445 900
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		550 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	72660		
b. Verðlagsuppbót	145320		
		217980	
2. Annar kostnaður	175900		
		393 880	156 120
IV. Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju:			
a. Tekjur		485 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	85000		
b. Verðlagsuppbót	170000		
		255000	
2. Efni		120000	
3. Annar kostnaður		100000	
		475 000	10 000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	612 020

		kr.	kr.
<i>6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.</i>			
I.	Tekjur (prentvinna)		2 075 000
II.	Gjöld:		
1. a.	Laun starfsmanna:		
	1. Grunnlaun	51332	
	2. Verðlagsuppbót	102664	
		<u>153996</u>	
b.	Vinnulaun og aðkeypt vinna:		
	1. Grunnlaun	345000	
	2. Verðlagsuppbót	690000	
		<u>1035000</u>	
		1 188 996	
2.	Efnivörur	400 000	
3.	Vélarekstur og viðhald	60 000	
4.	Annar kostnaður	181 004	
5.	Fyrning	45 000	
			1 875 000
	Fært á 3. gr. A. 5	. . .	200 000
<i>7. Áburðarsala ríkisins.</i>			
a.	Laun:		
	1. Grunnlaun	29072	
	2. Verðlagsuppbót	58144	
		<u>87216</u>	
b.	Annar kostnaður	232784	
			320 000
	÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		320 000
<i>8. Grænmetisverzlun ríkisins.</i>			
a.	Laun:		
	1. Grunnlaun	43608	
	2. Verðlagsuppbót	87216	
		<u>130824</u>	
b.	Annar kostnaður	369176	
			500 000
	÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		500 000
<i>9. Landssmiðjan.</i>			
I.	Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)		1 295 500
II.	Gjöld:		
1.	Laun starfsmanna:		
	a. Grunnlaun	103470	
	b. Verðlagsuppbót	209940	
		<u>313 410</u>	
2.	Vextir	170 000	
3.	Fyrning	355 000	
4.	Annar kostnaður	397 090	
			1 235 500
	Fært á 3. gr. A. 6	. . .	60 000

	kr.	kr.
<i>10. Trésmiðja ríkisins.</i>		
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)		1 060 000
II. Gjöld:		
1. Laun starfsmanna:		
a. Grunnlaun	230000	
b. Verðlagsuppbót	460000	
	690 000	
2. Vextir	60 000	
3. Ýmis kostnaður	235 000	
4. Fyrning	70 000	
	1 055 000	
Fært á 3. gr. A. 7	...	5 000
<i>11. Tunnuverksmiðjur ríkisins.</i>		
I. Tekjur		2 559 375
II. Gjöld:		
1. Laun stjórnar og fastra starfsmanna	45 000	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn)	1 680 000	
3. Verkalaun	279 800	
4. Geymslugjald og flutningur á efni og tunnum í geymsluhús, uppskipun o. fl.	233 700	
5. Vextir	185 000	
6. Varasjóðstillag	121 875	
7. Rafmagn	14 000	
	2 559 375	
<i>12. Oliuflutningaskipið Þyrill.</i>		
I. Tekjur (farmgjöld)		2 215 000
II. Gjöld:		
1. Laun og fæðiskostnaður skipshafnar	710 000	
2. Eldsneyti	190 000	
3. Vátryggingar	100 000	
4. Hafnargjöld, hafnsögugjöld, vatnsgjöld o. fl.	80 000	
5. Viðhald og endurbætur	285 000	
6. Annar kostnaður	250 000	
	1 615 000	
Fært á 3. gr. A. 8	...	600 000
<i>13. Innkaupastofnun ríkisins.</i>		
I. Tekjur af vörusölu		135 000
II. Gjöld:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun	28600	
b. Verðlagsuppbót	57200	
	85 800	

3. gr.

	kr.	kr.
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	18 500	
3. Vextir	6 500	
4. Annar kostnaður	20 000	
		130 800
Fært á 3. gr. A. 9	4 200
<i>14. Ríkisbúið á Bessastöðum.</i>		
I. Tekjur		112 500
II. Gjöld		112 500
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjäreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands		45 530
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Aðrir vextir		1 220 937
4. Arður af hlutafjäreign		367 070
Samtals	1 813 537

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 1 500 000 krónur.

43
16. maí

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1950 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		4 370 916
2. Lán í dönskum krónum		320 987
3. Lán í dollurum		1 877 167
4. Lausaskuldir		3 600 000
Samtals	10 169 070

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		382 357
Fálkaorðan		32 000
Samtals	414 357

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		2 300 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals	2 315 576

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

	kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:		
1. Til ráðherra:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	90000	
2. Verðlagsuppbót	180000	
	<u>270000</u>	
b. Til risnu samkvæmt reikningi	25000	
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000	
2. Húsaleiguuppbót	1260	
	<u>4260</u>	
d. Ríkisráð	9000	
	<u>308 260</u>	
2. Til ráðuneytanna:		
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun	81525	
2. Verðlagsuppbót	163050	
	<u>244575</u>	
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun	91800	
2. Verðlagsuppbót	183600	
	<u>275400</u>	
c. Félagsmálaráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun	55000	
2. Verðlagsuppbót	110000	
	<u>165000</u>	
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun	83708	
2. Verðlagsuppbót	167417	
	<u>251125</u>	
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun:		
1. Grunnlaun	125870	
2. Verðlagsuppbót	251740	
	<u>377610</u>	
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun	39950	
2. Verðlagsuppbót	79900	
	<u>119850</u>	
f. Samgöngumálaráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun	21600	
2. Verðlagsuppbót	43200	
	<u>64800</u>	
g. Utanríkisráðuneytið, laun:		
1. Grunnlaun	137162	
2. Verðlagsuppbót	274325	
	<u>411487</u>	

		kr.	kr.
h. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun	40808		
2. Verðlagsuppbót	81617		
	<u>122425</u>		
i. Aðrir starfsmenn, laun:			
1. Grunnlaun	29856		
2. Verðlagsuppbót	59712		
	<u>89568</u>		
j. Annar kostnaður ráðuneytanna	300000		
	<u>2 421 840</u>		
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	147595		
2. Verðlagsuppbót	295190		
	<u>442785</u>		
b. Annar kostnaður	30000		
	<u>472 785</u>		
4. Ýmis kostnaður:			
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga (áætlað)		20000	
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200		
2. Til pappírs og prentunar (áætlað)	100000		
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	7000		
	<u>108200</u>		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað	30000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)	2046		
	<u>160 246</u>		
II. Hagstofan:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	96125		
2. Verðlagsuppbót	192250		
	<u>288 375</u>		
b. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	60 000		
c. Prentun eyðublaða	15 000		
d. Húsaleiga, hiti og ljós	30 000		
e. Annar kostnaður	40 000		
	<u>433 375</u>		
III. Utanríkismál:			
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	81000		
b. Laun starfsfólks utan launalaga	13600		
c. Risna og staðaruppbót	81000		
d. Annar kostnaður	47100		
	<u>222 700</u>		
			3 363 131
			433 375

		kr.	kr.
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:			
a. Laun sendifulltrúa og annarra starfsmanna samkv. launalögum	46200		
b. Laun annarra starfsmanna	22600		
c. Risna og staðaruppbót	89900		
d. Annar kostnaður	78000		
		236 700	
3. Sendiráðið í London:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	129000		
b. Laun annarra starfsmanna	19300		
c. Risna og staðaruppbót	259100		
d. Annar kostnaður	162900		
		570 300	
4. Sendiráðið í Washington:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	66600		
b. Laun annarra starfsmanna	127500		
c. Risna og staðaruppbót	343900		
d. Annar kostnaður	123300		
		661 300	
5. Sendiráðið í Moskva:			
Laun og annar kostnaður		650 000	
6. Sendiráðið í París:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	103800		
b. Laun annarra starfsmanna	18900		
c. Risna og staðaruppbót	262800		
d. Annar kostnaður	84900		
		470 400	
7. Sendiráðið í Oslo:			
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum	79200		
b. Laun annarra starfsmanna	9400		
c. Risna og staðaruppbót	112000		
d. Annar kostnaður	43100		
		243 700	
8. Aðalræðismannsskrifstofan í Hamborg:			
a. Laun aðalræðismanns samkv. launalögum	30600		
b. Laun annarra starfsmanna	54800		
c. Risna og staðaruppbót	78800		
d. Annar kostnaður	33100		
		197 300	
9. Aðalræðismannsskrifstofan í New York:			
a. Laun samkv. launalögum	18000		
b. Staðaruppbót	24600		
c. Annar kostnaður	11800		
		54 400	

	kr.	kr.
10. Ferðakostnaður	125 000	
11. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	550 000	
12. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum ..	550 000	
13. Til upplýsingastarfsemi	15 000	
14. Til kjörræðismanna	10 000	
15. Til endurbóta og kaupa á húsgögnum vegna sendi- herrabústaðarins í London	150 000	
		4 706 800
Samtals	8 503 306

11. gr.

43

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt: 16. maí

	kr.	kr.
<i>A. Dómgæzla og lögreglustjórn.</i>		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:		
1. Grunnlaun	96600	
2. Verðlagsuppbót	193200	
	289 800	
b. Risna dómsforseta	5 500	
c. Útgáfa hæstaréttardóma	50 000	
d. Annar kostnaður	55 000	
		400 300
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	79867	
2. Verðlagsuppbót	159733	
	239 600	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	30 000	
c. Annar kostnaður	12 000	
		281 600
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	83050	
2. Verðlagsuppbót	166100	
	249 150	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	35 000	
c. Annar kostnaður	18 000	
		302 150
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	116675	
2. Verðlagsuppbót	233350	
	350 025	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	69 500	
c. Annar kostnaður	181 800	
		601 325
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	91636	
2. Verðlagsuppbót	183274	
	274 910	
b. Aukavinna	47 500	
c. Ljós, hiti, ræsting, húskostnaður	99 840	
d. Annar kostnaður	77 500	
		499 750
6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	230100	
2. Verðlagsuppbót	460200	
	690 300	

43
16. maí

		kr.	kr.
b. Skrifstofukostnaður:			
1. Grunnlaun	422350		
2. Verðlagsuppbót	844700		
3. Annar kostnaður	300000		
	1567050		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins	300000	1 267 050	1 957 350
7. Laun hreppstjóra:			
a. Grunnlaun		160 000	
b. Verðlagsuppbót		320 000	480 000
8. Lögreglukostnaður:			
a. Ríkislögregla:			
1. Laun lögregluþjóna:			
a. Grunnlaun	351787		
b. Verðlagsuppbót	703575		
	1055362		
2. Einkennisfatnaður	84600		
3. Tryggingakostnaður	21793		
4. Ríkislögreglan í Reykjavík:			
a. Bifreiðakostnaður	200000		
b. Æfingaskáli lögregluþjóna og gufubaðstofa	23000		
c. Áhöld, námskeiðakostnaður o. fl.	60000		
	283000		
5. Varðstofan í Keflavík:			
a. Bifreiðakostnaður	30000		
b. Húsaleiga, ljós, hiti, ræsting o. fl.	21800		
	51800		
6. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Siglu- firði	80000		
7. Ýmis annar löggæzlukostnaður	45000		
	1 621 555		
b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík ..		475 000	2 096 555
9. Til kostnaðar við landhelgisgæzlu			5 600 000
10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:			
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	20850		
b. Verðlagsuppbót	41700		
	62550		

	kr.	kr.	43 16. maí
2. Annar kostnaður	104000		
	166550		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)			
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar	83275		
		83 275	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	64350		
b. Verðlagsuppbót	128700		
	193050		
2. Annar kostnaður	267500		
	460550		
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.)			
÷ Tekjur	140000		
		320 550	
c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	7800		
b. Verðlagsuppbót	15600		
	23400		
2. Annar kostnaður	16800		
	40200		
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar	20100		
		20 100	
d. Kostnaður við önnur fangahús		10 000	
11. Kostnaður við sakamál og lögreglumál		433 925	
12. Kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum		200 000	
13. Laun sjóðómsmanna		32 520	
14. Kostnaður við störf setu- og varadómara		25 000	
15. Til viðgerðar á bæjarfógetahúsinu í Neskaupstað vegna skemmda af völdum skriðuhlaups		50 000	
16. Kostnaður við félagsdóm:		100 000	
a. Laun félagsdómsmanna:			
1. Grunnlaun	17100		
2. Verðlagsuppbót	34200		
	51 300		
b. Annar kostnaður		2 000	
		53 300	
17. Kostnaður við framkvæmd laga um bókhald		22 860	
18. a. Laun sáttamanna í vinnudeilum:			
1. Grunnlaun	5750		
2. Verðlagsuppbót	11500		
	17 250		
b. Annar kostnaður		35 000	
		52 250	
Samtals A. ...			13 188 885

B. Opinbert eftirlit.

	kr.	kr.
1. Skipaskoðun ríkisins:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	76600	
2. Verðlagsuppbót	153200	
		229 800
b. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði (áætlað)		63 000
c. Ferðakostnaður		20 000
d. Annar kostnaður		31 000
		343 800
÷ Tekjur		343 800
2. Eftirlit með verksmiðjum og vélum:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	23400	
2. Verðlagsuppbót	46800	
		70 200
b. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði (áætlað)		18 000
c. Ferðakostnaður		15 000
d. Annar kostnaður		16 800
		120 000
÷ Tekjur		120 000
3. Bifreiðaeftirlit ríkisins:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	117150	
2. Verðlagsuppbót	234300	
		351 450
b. Annar kostnaður		200 000
		551 450
÷ Tekjur		551 450
4. Löggildingarstofan:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	31800	
2. Verðlagsuppbót	63600	
		95 400
b. Annar kostnaður		46 120
		141 520
÷ Tekjur		84 000
5. Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	68200	
2. Verðlagsuppbót	136400	
		204 600

	kr.	kr.	43 16. maí
b. Ferðakostnaður við eftirlit	25 000		
c. Mælingarkostnaður, helmingsþátttaka rikissjóðs ..	25 000		
d. Annar kostnaður	40 000		
	294 600		
÷ Tekjur	234 600		
6. Matvælaeftirlitið:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	19920		
2. Verðlagsuppbót	39840		
	59 760		
b. Annar kostnaður	90 000		
	149 760		
÷ Tekjur	149 760		
7. Kostnaður við mat á afurðum:			
a. Fiskmat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	88000		
b. Verðlagsuppbót	176000		
	264000		
2. Skrifstofukostnaður	50000		
3. Kostnaður við eftirlit með fiskaðgerð o. fl. samkvæmt 12. gr. laga um fiskmat frá 5. apríl 1948	8000		
4. Kostnaður við tilraunir með nýjar verk- unaraðferðir samkv. 15. gr. sömu laga	10000		
	332 000		
b. Sildarmat:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	31600		
b. Verðlagsuppbót	63200		
	94800		
2. Annar kostnaður	13500		
	108 300		
c. Laun kjötmatsmanna:			
1. Grunnlaun	3900		
2. Verðlagsuppbót	7800		
	11 700		
d. Laun ullarmatsmanna:			
1. Grunnlaun	6300		
2. Verðlagsuppbót	12600		
	18 900		
e. Laun lýsismatsmanns:			
1. Grunnlaun	3000		
2. Verðlagsuppbót	6000		
	9 000		
f. Ferðakostnaður matsmanna (áætlað)	120 000		
		599 900	
8. Kostnaður við vörumerkjaskráningu:			
a. Grunnlaun	2 000		
b. Verðlagsuppbót	4 000		
		6 000	

43

16. maí

	kr.	kr.
9. Eftirlit með opinberum sjóðum:		
a. Grunnlaun	2 860	
b. Verðlagsuppbót	5 720	8 580
10. Kostnaður við eftirlit á vegum:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	7800	
2. Verðlagsuppbót	15600	
	23 400	
b. Annar kostnaður	31 600	55 000
11. Eftirlit með sparisjóðum:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun	6600	
2. Verðlagsuppbót	13200	
	19 800	
b. Ferðakostnaður	5 000	24 800
12. a. Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum	2 601 000	
b. Kostnaður við skömmtnunarskrifstofu	895 000	
	3 496 000	
÷ Tekjur	3 496 000	
13. Húsaleigueftirlit:		
a. Laun yfirhúsaleigunefndar:		
1. Grunnlaun	13200	
2. Verðlagsuppbót	26400	
	39 600	
b. Laun húsaleigunefndar Reykjavíkur:		
1. Grunnlaun	34860	
2. Verðlagsuppbót	69720	
	104 580	
c. Annar kostnaður	35 000	179 180
14. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir		12 500
Samtals B.	943 480
<i>C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.</i>		
I. Tollar:		
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:		
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:		
a. Grunnlaun	491701	
b. Verðlagsuppbót	983402	
	1475103	
2. Húsaleiga, ljós og hiti	80000	
3. Annar kostnaður	300000	
	1 855 103	

		kr.	kr.
			43 16. maí
b. Tollgæzla:			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	296594		
2. Verðlagsuppbót	593188		
	<u>889782</u>		
b. Húsaleiga, ljós og hiti	85000		
c. Annar kostnaður	250000		
	<u>1 224 782</u>		
2. Utan Reykjavíkur:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun	132300		
2. Verðlagsuppbót	264600		
	<u>396900</u>		
b. Annar kostnaður	100000		
	<u>496 900</u>		
			3 576 785
II. Skattar:			
a. Ríkisskattanevnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	73520		
b. Verðlagsuppbót	53440		
	<u>126960</u>		
2. Annar kostnaður	23000		
	<u>149 960</u>		
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun	201300		
b. Verðlagsuppbót	402600		
	<u>603900</u>		
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	100000		
3. Tímavinna	230000		
4. Annar kostnaður	100000		
	<u>1033900</u>		
÷ hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum	344633		
	<u>689 267</u>		
c. Skattstofur utan Reykjavíkur	350 000		
d. Undirskattanevndir	650 000		
e. Yfirskattanevndir	200 000		
f. Laun skattdómara:			
1. Grunnlaun	10200		
2. Verðlagsuppbót	20400		
	<u>30 600</u>		
g. Millimatskostnaður	40 000		
	<u>2 109 827</u>		
Samtals C.		5 686 612

11. gr.

	kr.	kr.
<i>D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.</i>		
1. Símakostnaður endurgreiddur embættismönnum og opinberum skrifstofun		800 000
2. Burðargjöld		200 000
3. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta		350 000
Samtals D.	1 350 000

12. gr.

Til læknaþingunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
I. Landlæknisembættið:		
a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:		
1. Grunnlaun	20800	
2. Verðlagsuppbót	41600	
	<u>62 400</u>	
b. Annar kostnaður	<u>12 000</u>	74 400
II. Laun héraðslækna:		
a. Grunnlaun	<u>475 325</u>	
b. Verðlagsuppbót	<u>950 650</u>	1 425 975
III. Kostnaður við framkvæmd laga um lækna ráð		<u>23 700</u>
IV. Ríkisspítalar:		
A. Landsspítalinn:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun	606000	
b. Verðlagsuppbót	1209600	
c. Hlunnindi	225400	
	<u>2041000</u>	
÷ Hlunnindi	588000	
	<u>1453000</u>	
2. Matvörur	1040000	
3. Hjúkrunarkvænnaskólinn	73100	
4. Ljósmeðraskólinn	97500	
5. Annar kostnaður	1572000	
	<u>4235600</u>	
÷ Tekjur	2496000	
	<u>1 739 600</u>	
B. Fæðingardeild Landsspítalans:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun	239000	
b. Verðlagsuppbót	478000	
c. Hlunnindi	158000	
	<u>875000</u>	
÷ Hlunnindi	329000	
	<u>546000</u>	
2. Fæðiskostnaður	520000	
3. Annar kostnaður	668000	
	<u>1734000</u>	
÷ Tekjur	1027000	
	<u>707000</u>	
÷ Hluti Reykjavíkurbæjar af rekstrarhalla	471333	
	<u>235 667</u>	

43
16. maí

	kr.	kr.
C. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun	497000	
b. Verðlagsuppbót	994000	
c. Hlunnindi	20000	
	<u>1511000</u>	
÷ Hlunnindi	482000	
	<u>1029000</u>	
2. Matvörur	1255000	
3. Annar kostnaður	1202000	
	<u>3486000</u>	
÷ Tekjur	2335500	
Rekstrarhalli ...	1 150 500	
D. Heilsuhælið á Kristnesi:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun	180000	
b. Verðlagsuppbót	360000	
	<u>540000</u>	
÷ Hlunnindi	110000	
	<u>430000</u>	
2. Matvörur	380000	
3. Annar kostnaður	357500	
	<u>1167500</u>	
÷ Tekjur	774400	
Rekstrarhalli ...	393 100	
E. Geðveikrahælið á Kleppi:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun	623000	
b. Verðlagsuppbót	1246000	
c. Hlunnindi	40000	
	<u>1909000</u>	
÷ Hlunnindi	612000	
	<u>1297000</u>	
2. Matvörur	1250000	
3. Annar kostnaður	1142000	
	<u>3689000</u>	
÷ Tekjur	3392000	
Rekstrarhalli ...	297 000	
F. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun	37000	
b. Verðlagsuppbót	74000	
	<u>111000</u>	
÷ Hlunnindi	30000	
	<u>81000</u>	

		kr.	kr.
2. Matvörur	48000		
3. Annar kostnaður	75000		
	Rekstrarhalli	204 000	
G. Fávítahælið á Kleppjárnshöllum:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	58000		
b. Verðlagsuppbót	116000		
	174000		
÷ Hlunnindi	54000		
	120000		
2. Matvörur	76000		
3. Annar kostnaður	67000		
	263000		
÷ Tekjur	256000		
	Rekstrarhalli	7 000	
			4 026 867
V. Til berklavarna:			
a. Styrkur til berklasjúklinga (áætlað)		3 530 000	
b. Styrkur skv. 19. gr. laga 66/1939		10 000	
c. Laun:			
1. Grunnlaun	30300		
2. Verðlagsuppbót	60600		
	90 900		
d. Annar kostnaður		40 000	
			3 670 900
VI. Styrkur til sjúklinga samkv. lögum nr. 78 1936, um ríkisframsýslu sjúkra manna og örkuþlaða			
			3 916 000
VII. Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa:			
a. Til sjúkrahúsanna á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, 100 kr. á rúm:			
1. Grunnstyrkur	13800		
2. Verðlagsuppbót	27600		
	41 400		
Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki að kaupa nægilega margar vélar til að halda uppi þeirri starfsemi, sem tilgreind er í 16. gr., svo viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að fengnum rökstuddum tillögum vélanevndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans.

21. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt fyrirætlunum vatnalaga, nr. 15 frá 23. júní 1923, 4. og 8. kafla, hafa rétt til að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar Vélasjóðs leigðar, eftir því sem ástæður leyfa og vélanevnd ákveður. Hið sama gildir um ræktunarframkvæmdir á vegum ríkisins, búnaðarsambönd, ræktunarsambönd, hreppabúnaðarfélög, bæjar- og sveitarfélög. Búnaðarfélag Íslands hafi ávallt gert eða samþykkt fullkomnar áætlanir um framkvæmdir þær, er gera skal.

22. gr.

Leiga fyrir vélar þær, er Vélasjóður selur á leigu samkvæmt 16. gr., staflið 2, skal miðuð við, að hún nægi til að greiða viðhald og endurnýjun vélanna.

Um leigukjör og rekstur leiguvéla skal nánar ákveðið í reglugerð.

Þá er Vélasjóður tekur að sér framkvæmdir samkvæmt 16. gr., staflið 3, skulu hlutaðeigandi aðilar greiða allan rekstrarkostnað og auk þess leigu fyrir vélar þær, sem notaðar eru við vinnuna, er samsvari því, er um leiguvélar er að ræða.

23. gr.

Auk ríkisframlags þess, er um ræðir í öðrum kafla þessara laga, skal, þegar um áveitur er að ræða, greiða framlag til bygginga flóðgarða og flóðgátta $\frac{1}{3}$ kostnaðar, og sé verkið þá unnið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir. Framlag þetta greiðist þó eigi fyrr en fullnaðarúttekt á verkinu hefur farið fram.

45
17. maí

IV. KAFLI

Um búferlaflutning.

24. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru sérlega óhæfar til búreksturs.

25. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt héraðsráðunaut hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja, að máli skipti, eftir nánari fyrir-mælum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd til umsagnar.

26. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu álitu hlutaðeigandi hreppsnefndar, að jörð eða býli geti eigi talizt byggilegt til frambúðar, skal það leggja málið fyrir landbúnaðarráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis ríkisframlag samkvæmt II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

27. gr.

Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótaframlags (sbr. 26. gr.), flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji hann reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfða-ábúð, en landið skal hann hafa afgangslaust til lífstíðar.

V. KAFLI

Um erfðaleigulönd.

28. gr.

Þegar bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum óska þess, lætur Búnaðarfélag Íslands fram fara athugun á því, hvaða lönd liggi bezl við ræktun innan takmarka eða í nágrenni kaupstaðarins eða kauptúnsins. Þetta nær þó eigi til þeirra landa, sem líkur eru til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að verði í náinni framtíð tekin til byggingarlóða eða annarra framkvæmda en ræktunar. Þegar um jarðir í eigu einstaklinga er að ræða, skal leita samþykkis hlutaðeigandi eiganda, til þess að slík athugun megi fram fara.

Hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal láta Búnaðarfélagi Íslands í té þær upplýsingar og skýrslur hér að lútandi, sem nauðsynlegar eru og félagið til tekur.

29. gr.

Að lokinni þeirri athugun, er um getur í 28. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagningu vegakerfis og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingu þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd. 17. maí

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins framlagshæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallið á.

30. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námuna við kaupstað, kaupún eða þorp, og íbúana skortir land til afnota, skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því, og Alþingi veitir til þess lagalega heimild. Fer framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

31. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 30. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefur tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefur léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til hjargræðis. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á, eða sérstök náttúruþryði, sem skylt er að vernda.

32. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 30. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins samkvæmt fasteignamati, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram.

33. gr.

Réttur til erfðaleigu á löndum þessum, svo og til veðsetningar á þeim, fer eftir lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, 46. gr., og lögum nr. 16 22. febr. 1950, um breyting á þeim lögum.

34. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Að landið sé einungis leigt til ræktunar og óheimil sé önnur notkun þess og að gera á því önnur mannvirki, nema um það sé gerður sérstakur samningur. Sé um byggingar að ræða, skal sá hluti landsins, sem nauðsynlegur er til þeirra afnota, afmarkaður og leigjast sem byggingarlóð.
3. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig ræktunarmannvirkjum skuli við haldið og hverjum vitum vanefndir varða.

35. gr.

Hvenær sem ríkið telur sig hafa þörf fyrir erfðaleiguland til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi leigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semjast.

Nú krefst ríkið meira af landinu en $\frac{1}{4}$ hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

45

17. maí

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, samanber 34. gr. Að öðrum kosti fellur landið affur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

36. gr.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

37. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, mælingamanni eða Búnaðarfélagi Íslands visvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 100—1000 krónum, og ef það er gert í eigin hagsmuna skyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjótí héraðsráðunautur, mælingamaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögglumál.

38. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara. Einnig gefur Búnaðarfélag Íslands út fyrir-mæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra.

39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 54 4. júlí 1942 — jarðræktarlög — og lög nr. 38 7. apríl 1943, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er, að dómi Búnaðarfélags Íslands, vöð á nægilega mörgum búfræðingum með sömu eða meiri menntun en gert er ráð fyrir í framhaldsdeild bændaskólans á Hvanneyri, til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn með samþykki Búnaðarfélags Íslands ráða til þessa starfa búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, og miðast þá launakjör þeirra við X. flokk launalaganna.

Verkfæra kaupsjóður leggst niður, og innstæður einstakra hreppabúnaðarféлага greiðist til þeirra.

Til ársloka 1952 skal þúfnasléttun í tóni njóta 400—500 kr. framlags á ha, að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 12. gr., enda skal framlagið bundið því skilyrði, að minnst $\frac{1}{10}$ tónþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda, miðað við skýrslur Búnaðarfélags Íslands yfir tónþýfi í landinu frá 1945.

Til ársloka 1960 skulu þau býli, er eigi hafa 10 ha tón, njóta 300 kr. framlags á ha til jarðræktar að viðbætti verðlagsuppbót.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

46

22. maí

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

5. tölul. 3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Málum, þar sem öðrum hvorum aðila er skylt að sæta dómi utan varnarþings síns.

2. gr.

Orðin „skriflega“ í 11. og 15. tölul. 3. mgr. 5. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

47

25. maí

um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlinum minnst 4 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlinum, sem einangra svæði þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvist þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlinum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlinunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

18

47 25. maí Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smá- girðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlinum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

2. gr.

Í stað upphafs 1. másl. 13. gr. komi:

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlinur, a. m. k. næstu 4 ár eftir að fjárskiptum lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjár- sjúkdómanefnd, ef hún telur hættulaust, leyft flutning lambhrúta til kynbóta milli fjárskiptasvæða innan þess tíma, enda sé ekki um að ræða flutning þaðan, sem garnaveiki hefur verið.

3. gr.

1. málsgrein 37. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skatta- framtali tæpum tveim árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1950 skal miða við framtal á árinu 1949, þ. e. fjártölu í árslok 1948 o. s. frv. Hjá þeim fjáreigendum, sem lógað hafa öllu fé sínu haustið 1948 vegna fyrirhug- aðra fjárskipta 1950, skal þó miða fjártöluna við skattaframtal þeirra fyrir tekju- árið 1948, enda haldi þeir áfram sauðfjárbúskap á hlutaðeigandi fjárskiptasvæði.

4. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur, sem svarar hálfu lambsverði á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af niðurlagsverði tveggja næstu ára á undan, miðað við meðalvænleika sláturlamba á hverju fjárskiptasvæði.

Kostnað við flutning líffjár á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjár- sjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitar tilfærslu á fé á fjárkaupasvæðum, svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða kosti fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu fá keypt, ef unnt er, líflömb, er nema 50% af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti fara fram, samanber þó 39. gr. Skyld er að láta bændur, er hafa litla eða enga aðstöðu til mjólkursölu eða annarrar framleiðslu, sitja fyrir um líflambakaup, ef ekki fæst áskilin fjártala til úthlutunar.

Séu nægjanleg líflömb fáanleg, skal fjáreigendum gefinn kostur á að fá allt að 20% til viðbótar. Sauðfjár- sjúkdómanefnd er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir, ef nauðsynlegt þykir, til þess að tryggja, að fjáreigendur fái keypt 50% af bóta- skyldri lambatölu ár hvert, og heimilast í því skyni eignarnám, enda komi fullt verð fyrir.

Framlag ríkisins skal greiða ári eftir að fjárskipti hefjast, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptrá líflamba.

5. gr.

39. gr. laganna orðist svo (var 40. gr. í lögnum):

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurða- tjóns hálf t lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind. Þessar bætur skal greiða tveim í aðra framleiðslu, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkis- sjóð að dómi nefndarinnar. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð á svæðinu. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

6. gr.

47

Á eftir 39. gr. komi ný grein, er verði 40. gr., svo hljóðandi:
Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með 4% ríkisskuldabréfum þannig:

25. maí

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að $\frac{2}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að $\frac{4}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis. Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðin frá útgáfudegi þeirra.

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð bréfanna, vaxtagreiðslu og annað, sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulaga bankanna skal ákveða nánar með reglugerð.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 5. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða, að nokkru undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.

7. gr.

39. gr. (óbreytt) verður 41. gr.

41. gr. (óbreytt) verður 42. gr. o. s. frv.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Hermann Jónásson.

L Ö G

48

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1946.

25. maí

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1946 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga .. kr.	88 500 000.00	kr. 136 566 139.31
2.	—	3. — A.	— .. —	33 194 477.00	— 53 993 927.28
3.	—	3. — B.	— .. —	10 000.00	— 1 650.45
4.	—	4. —	— .. —	615.234.00	— 1 194 335.03
5.	—	5. —	— .. —	100 000.00	— 6 893 860.52

48	6. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	kr.	2 834 681.00	kr.	25 483 279.63
25. maí	Greiðslujöfnuður	—	18 055 442.00	—	4 199 441.50
			Kr. 143 309 834.00		Kr. 228 332 633.72

Útborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga ..	kr.	kr.
2.	—	8. —	—	—	1 232 599.19
3.	—	9. —	—	—	307 795.16
4.	—	10. — I.	—	—	2 681 957.00
5.	—	10. — II.	—	—	2 770 603.35
6.	—	10. — III.	—	—	283 123.34
7.	—	11. — A.	—	—	1 798.557.03
8.	—	11. — B.	—	—	10 368 952.58
9.	—	11. — C.	—	—	756 781.97
10.	—	11. — D.	—	—	4 129 606.69
11.	—	12. —	—	—	809 467.23
12.	—	13. — A.	—	—	10 760 022.94
13.	—	13. — B.	—	—	28 312 794.96
14.	—	13. — C.	—	—	4 312 144.86
15.	—	13. — D.	—	—	6 926 857.54
16.	—	14. — A.	—	—	1 428 717.65
17.	—	14. — B.	—	—	3 615 952.02
18.	—	15. — A.	—	—	26 043 420.21
19.	—	15. — B.	—	—	2 348 850.49
20.	—	16. — A.	—	—	3 381 566.93
21.	—	16. — B.	—	—	11 978 522.23
22.	—	16. — C.	—	—	2 366 595.04
23.	—	17. —	—	—	1 076 270.19
24.	—	18. —	—	—	13 357 705.10
25.	—	19. — 1.	—	—	5 155 657.05
26.	—	19. — 2.	—	—	16 245 874.35
27.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	—	—	7 807 423.77
				Kr. 143 309 834.00	Kr. 58 074 814.85
				Kr. 143 309 834.00	Kr. 228 332 633.72

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

49

25. maí

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

HANDIÁFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:			
1. Nr. 8 í 12. kafla orðist svo:	1 kg		2
8 Oliufrae og oliurík aldin, einnig mulin			
2. 18 og 19 í 15. kafla orðist svo:			
18 — risínusolía (laxerolía)	—	2	8
19 — önnur jurtafeiti, ót. a.	—	2	8
3. Nr. 2 í 25. kafla orðist svo:			
2 Sandur, ót. a. tollfrjáls			
4. Í stað nr. 16 í 25. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
Gips:			
16 — óunnið			
16a— brennt, mulið eða þvegið	—	2	8
5. Nr. 1 í 28. kafla orðist svo:			
1 Bróm, fosfór, brennisteinn og brennisteinsmjólk og sam- bönd þessara efna innbyrðis, svo og með klóri og joði, svo framarlega sem þau falla ekki undir annað tollskrárnúmer	—	7	8
6. Í stað nr. 11 í 28. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
— ediksýra:			
11 — — edik	—	7	30
11a— — önnur	—	7	8
7. Nr. 51 og 52 í 28. kafla orðist svo:			
51 — metylalkóhól	—	7	8
52 — isóprópylalkóhól	—	7	8
8. Aftan við nr. 60a í 28. kafla bætist orðin: svo og hexan.			
9. Á eftir nr. 15 í 31. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
15a — hárlíðunarvökvar og hárlíðunarduft, ót. a.	—	7	30
10. Nr. 17 í 44. kafla orðist svo:			
17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g/m ²	—		2
11. Aftan við nr. 21 í 44. kafla tollskrárinnar komi nýr liður, svo hljóðandi:			
21a Sellófanpappír			2
12. Nr. 22 í 44. kafla orðist svo:			
22 Marmarapappír og annar pappír, ót.a.	—	7	30
13. Nr. 33 í 44. kafla orðist svo:			
33 — vaxbornar umbúðir	—		2
14. Nr. 7 í 45. kafla falla niður.			
15. Orðin „með eða“ í nr. 19 í 45. kafla falli niður.			

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
49 16. Aftan við nr. 20 í 45. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi: 25. mai 20a Áprentaður fiskumbúðapappír, enda beri áritunin það með sér, að pappírinn sé utan um fisk til útflutnings	1 kg		2
17. Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo: 1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir úr cellulose	—	2	2
18. Í stað nr. 4—5 í 46. kafla B komi þrjú nr., svo hljóðandi: Garn:			
4 — tvinni	—	20	8
5 — netjagarn, ólitað	—	2	5
5a— annað	—	20	15
19. Á eftir nr. 8 í 48. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 8a— molskinn	—	20	25
20. Í stað nr. 19 í 50. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi: — fiskinet og fiskinetjaslöngur:			
19 — — úr nylon og öðrum gerviþráðum	—	2	5
19a— — úr öðrum vefjarefnum	—	2	2
21. 42 í 50. kafla falli niður.			
22. Nr. 22 í 60. kafla falli niður.			
23. Á eftir fyrirsögninni að XV. flokki, „Ódýrir málmar og vörur úr þeim“, komi svo hljóðandi athugasemd: Ath. Ef inn eru fluttar vörur úr málmum þeim, sem teljast til 64.—70. kafla, og vörur þessar eiga að koma í hærra tola en tilsvareandi vörur úr járn og stáli í 63. kafla, má fjármálaráðuneytið mæla svo fyrir, að greiða skuli af þeim hin lægri aðflutnings- gjöld eftir 63. kafla. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
24. Á eftir nr. 22 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 22a Bryggjur, brýr, hús og önnur mannvirki og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8
25. Á eftir nr. 26 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 26a Fiskkörfur og körfur undir mjólkurflöskur úr vír og þess háttar	—	2	8
26. Í stað nr. 85 og 86 í 63. kafla komi þrjú númer, svo hljóðandi: Blikkdósir og kassar: — málaðir, áletraðir, lakkeraðir eða skreyttir:			
85 — — með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings	—	7	2
86 — — aðrir	—	7	30
86a — annars	—	7	20
27. Aftan við nr. 88 í 63. kafla komi svo hljóðandi athugas.: Ath. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að færa skálar, sem eru pressaðar til vaskagerðar og að öðru leyti óunnar, niður í 15% verðtoll.			
28. Á eftir nr. 9 í 66. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 9a Mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá, stærri en 10 l	—	7	2

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %	49 25. maí
29. Aftan við nr. 33 í 72. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi: 33a Bindivélar	1 kg	7	8	
30. Í stað nr. 27—28 í 72. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi: 27 Vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, lyftingar, fermingar og affermingar, til graftar, og hlutar til þeirra, ót. a., svo og dráttarbrautir og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8	
31. Nr. 64 í 72. kafla orðist svo: 64 Aðrar vélar, ót. a., og hlutar til þeirra	—	7	15	
32. Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 13—16 í 73. kafla, „Raf- magnsbúnaður í báta, bifreiðar og bifhjól“, komi: Raf- magnsumbúnaður í bifreiðar, skip og önnur farartæki.				
33. Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 37—45 í 73. kafla, „Bús- áhöld og hlutar til þeirra“ komi: Vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar.				
34. Nr. 46—54 í 73. kafla falli niður.				
35. Á eftir nr. 1 í 76. kafla komi nýtt númer, svo hljóðandi: 1a Fallhlífar og tilheyrandi				tollfrjálsar
36. Nr. 12 í 77. kafla falli niður.				
37. Í stað nr. 29—32 í 77. kafla komi þrjú nr., svo hljóðandi: Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.:				
29 — bifreiðavogir (bryggjuvogir)	—	7	8	
30 — desimalvogir og vogir fyrir rennibrautir	—	7	8	
31 — aðrar	—	7	30	
38. Við nr. 3 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Ath. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna.				
39. Við nr. 11 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Ath. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður að nokkru eða öllu leyti aðflutningsgjöld af hljómp- plötum með verkum eftir íslenska höfunda og verk- um sungnum og/eða leiknum af Íslendingum.				
40. Á eftir nr. 10 í 82. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Ath. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efn- um (plasti) og vara þessi á að koma í hærra tolla en tilsvareandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.				
41. XXI. flokkur og 87. kafli orðist svo:				

XXI. FLOKKUR

Listaverk og safnmunir, ót. a.

87. kafli.

Listaverk og safnmunir, ót. a.

- 1 Listaverk tollfrjáls
Ath. Tollundanþágan eftir nr. 1 tekur aðeins til frum-
verksins. Fjármálaráðuneytinu er þó heimilt að

49
25. maí

fella niður aðflutningsgjöld af afsteypum, sem gerðar eru erlendis eftir hér gerðum frummyndum úr gipsi eða öðru áþekku efni.

Safnmunir, ót. a.:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
2 — frímerki og önnur slík merki			
3 — safnmunir til opinberra safna			
4 — aðrir	1 kg	7	30

2. gr.

Í stað orðanna „settar eru hér á land um stundarsakir til áframhaldsinnflutnings til annarra landa“ í g-lið 3. gr. laganna komi: sem sendar eru í gegnumflutningi (transit).

Á eftir l-lið sömu greinar komi níu nýir stafliðir, svo hljóðandi:

- m. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af votheysturnum og vélaútbúnaði til að steypa þá og af vélum og áhöldum til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu.
- n. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af jeep-bifreiðum og almenningsvögnum og af vöruflutningabifreiðum.
- o. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæðið í b-lið 24. gr. samþykktar þeirrar um alþjóðaflugmál, sem birt var með auglýsingu nr. 45/1947.
- p. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af tækjum og útbúnaði til Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli, sem rekin er samkvæmt milliríkjasamningi frá 30. apríl 1947.
- q. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði í b- og c-lið 7. gr. alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sem birtur er sem fylgiskjal með lögum nr. 13/1948, um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.
- r. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem inn er flutt eingöngu vegna framkvæmdar samnings frá 16. september 1948, milli ríkisstjórnar Íslands og ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- s. Að fella niður aðflutningsgjöld af munum, sem sendir eru hingað að gjöf og góðgerðafyrirtæki eiga að annast dreifingu á til bágstaddir og þvítíkra.
- t. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af munum, sem aðeins eru fluttir hingað til sýningar eða flutnings um stundarsakir og endurútflyttir eru þegar að sýningu eða flutningi loknum, og af vélum og áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu og flutt eru út þegar eftir að þau hafa verið reynd.
- u. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem látið er ókeypis í té af National Bureau of Standards í Washington til visindarannsóknar samkvæmt samningi frá 1. júlí 1949 milli póst- og símamálastjórnar Íslands og National Bureau of Standards í Washington D.C.

3. gr.

Í stað orðanna „eða báta“ í síðustu málsgr. 4. gr. laganna komi: báta eða flugvéla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi 5. liður 1. gr. laga nr. 6/1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

50

25. maí

um togarakaup ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að tíu togara í Bretlandi með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að kr. 57125000 eða £ 1 250 000 lán til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu, og skal sú veðsetning halda fullu gildi, þótt togararnir verði seldir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 75% af andvirði þeirra. Heimilast henni að nota til þess það lán, sem um ræðir í 1. gr., og taka til viðbótar þau lán, sem með þarf. Lánin skulu veitt með sömu kjörum og ríkisstjórnin fær þau.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945, um togarakaup ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Þórður Eyjólfsson.

Steingrímur Steinþórsson.

51

25. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluttryggingasjóð bátaútvegsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna bætist svo hljóðandi

Ákvæði um stundarsakir.

Lög nr. 109 30. des. 1943, um hluttryggingafélög, skulu koma til framkvæmda af nýju og gilda árið 1950 um tryggingasjóð sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík, sem tók til starfa þar árið 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

52

25. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 33. tölulið B-liðar 2. gr. laganna kemur nýr töluliður: Hjarðardalsbót í Önundarfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

53

25. maí

um breyting á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2.—3. töluliður og niðurlagsmálsg. 9. gr. laganna falli niður. — 4.—5. tölul. sömu greinar verði 2.—3. tölul.

2. gr.

2. másl. 1. málsgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi svo hljóðandi viðbót:

Nú stundar gjaldþegn fasta atvinnu utan heimilissveitar og meiri hluti atvinnutekna hans stafar frá þeirri atvinnu, en útsvör verða talin hlutfallslega lægri í heimilissveit hans en í atvinnusveit, og getur þá atvinnusveit krafizt þess, þótt útsvari gjaldþegns sé ekki skipt, að hann greiði henni útsvar, sem nemur þeirri upphæð, er honum hefði borið að greiða í atvinnusveit umfram það, er hann greiðir í heimilissveit.

Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkv. úrskurði yfirskattanefndar í umdæmi heimilissveitar, og standa atvinnusveit skil á honum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1950.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

54

25. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Að fengnum meðmælum viðkomandi hreppsnefndar og sýslunefndar heimilast ríkisstjórninni að selja eftirtaldar jarðir:

- 54 1. Þjóðjörðina Bakka í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Þór Vil-
25. maí hjálmssyni, enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 116 1943.
2. Eyðijörðina Fagranes í Öxnadal í Eyjafjarðarsýslu Rúti Þorsteinssyni bónda í Engimýri.
3. Eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi, enda sé við sölua tekið tillit til þeirrar greiðslu, er ríkissjóði hefur verið gert að greiða fráfarandi ábúanda.

Söluverð jarðanna skal ákveðið af dómkvöddum mönnum. Við mat Granda skal taka tillit til þess, að ríkissjóði hefur við úttekt verið gert að kaupa hús og mannvirki fráfaranda á kr. 6875. Við mat á Fagranesi skal taka tillit til, hversu semst við Brunabótafélag Íslands um greiðslu vegna brunatjóns, sem jarðareigandi á á hendur félaginu, og haga matinu í samræmi við það.

Ríkisstjórninni heimilast að hafa skipti á jörðinni Klettakoti, sem er eign ríkisins, og jörðinni Straumi, sem Edilon Guðmundsson bóndi í Stóra-Langadal er eigandi að. Báðar þessar jarðir eru í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

55

25. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað „10 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 15. millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig, systkini sín eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn og fósturbörn, enda hafi hann eignast hús það, sem íbúðin er í, fyrir 1. jan. 1946. Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd þó leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignast hefur hús á starfssvæði sínu eftir 1. jan. 1946, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, verði honum talin þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist:

Þegar leigusali leigir íbúð öðrum en skyldmenum sínum, sbr. 1. gr., skal hann leitast við að leigja hana fjölskyldu, er hefur á framfæri sínu börn innan 16 ára aldurs, og jafnan leita tillagna húsaleigunefndar um ráðstöfun íbúðarinnar, áður en hann leigir hana öðrum.

3. gr.

I. 1. málsg. 8. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skal skipa þriggja manna húsaleigunefnd. Tveir af þeim skulu skipaðir af ríkisstjórninni, annar eftir tilnefningu Leigjendafélags Reykjavíkur og hinn eftir tilnefningu Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, en hæstiréttur skipar þann þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Þrír varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu vera lögfræðingar.

II. Í stað 2. og 3. málsg. sömu gr. laganna komi:

Húsaleigunefnd úrskurðar um gildi uppsagnar og önnur þau atriði, er greinir í lögum þessum, og framkvæmir mat á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum samkvæmt lögnum. Skulu allir nefndarmenn vera á fundi, þegar ákvarðanir eru teknar, og taka þátt í atkvæðagreiðslu. Nú er aðalmaður forfallaður, og kemur þá vara- maður í hans stað. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

4. gr.

Við 1. málsg. 9. gr. laganna bætist:

Nú er félag leigjenda og félag fasteignaeigenda starfandi í bæjarfélagi eða þorpi, og tilnefna þau þá sinn manninn hvort í húsaleigunefnd, en bæjar- eða sveitarstjórn kys þá ekki menn í nefndina.

5. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Hámark þeirrar húsaleigu, að viðbættri vísitöluuppbót samkv. 6. gr., sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera 7 krónur á mánuði fyrir hvern fermetra gólf-

56 flatar íbúðarinnar, séu húsin byggð fyrir árslok 1944, en 8—9 krónur fyrir hvern 25. maí fermetra í húsum, sem byggð eru 1945 og síðar. Nú er lofthæð íbúðar minni en 2,5 m, og lækkar þá hámark þetta hlutfallslega sem því nemur, er hæðin er minni en 2,5 m. Nú er greidd hærri húsaleiga en ákvæði laga þessara heimila, og skal leigan þá lækkuð samkv. hámarksákvæðunum hér að framan.

6. gr.

Í stað „10—10000 krónum“ í 17. gr. laganna komi: 200—50000 krónum.

7. gr.

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist:

1. Þau ákvæði laga þessara, er snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, falla úr gildi 1. október 1950.
2. Þann 14. maí 1951 falla úr gildi:
 - a. Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði.
 - b. Ákvæði laganna um leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í.
3. Önnur ákvæði laganna falla úr gildi 14. maí 1952.

Bæjar- og sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða, að þau ákvæði laganna, sem greinir í 2. tölul. b. og 3. tölulíð, skuli gilda áfram fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

Nú verða lög in í gildi á einhverjum stöðum eftir 14. maí 1952, og skulu þá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög greiða allan kostnað af framkvæmd laganna frá þeim tíma.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Þórður Eyjólfsson.

Steingrímur Steinþórsson.

57

25. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki vöru:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 15 millj. króna“ í 2. gr. komi: allt að 46 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Þórður Eyjólfsson.

Ólafur Thors.

L Ö G

58

25. maí

um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

- a. (18. gr.) Komist búfé (sauðfé eða geitfé) inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með girðingu, sem viðurkennd hefur verið fullgild vörn fyrir ágangi búfjár af viðkomandi úttektarmönnum, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins láta rannsaka, hverjir eru eigendur fjárins, og láta merkja það. Síðan skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eru eigendur fjárins og hvernig féð var merkt, en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum. Skal eigendum gefinn kostur á að víta fjárins, ef fært þykir að álitu hreppstjóra.

Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið, og verði göllum á girðingunni og óvenjulegum snjóalögum, sbr. þó. ákvæði 3. málsgr., eigi um kennt, að dómi úttektarmanna hreppsins, getur hlutaðeigandi umsjónarmaður skógræktarsvæðisins afhent fénaðinn hreppstjóra með kröfu um, að hann láti þegar lóga skepnunum og koma þeim í verð. Við þeirri kröfu er hreppstjóra skylt að verða, en skógareigandi er skyldur að greiða fjáreigendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fullt verð fyrir skepnur sínar. Tvöfalt niðurlagsverð greiðir skógareigandi, hafi gallar á girðingunni orðið þess valdandi, að dómi úttektarmanna, að féð komst inn í hana.

Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að skógræktargirðingu fenni í kaf. Skal þá girðingareigandi eða eftirlitsmaður hans tilkynna fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar hættu þá, er af þeim stafar, og ber þá þeim fjáreigendum, er slíka viðvörðun hafa fengið, að hafa gætur á fé sinu og halda því frá viðkomandi girðingu.

Rísi ágreiningur um bætur samkvæmt grein þessari, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær. Rétt er aðilum að krefjast yfirmats, er þeir dómkvaddir menn framkvæma. Ákvörðun yfirmatsmanna um bætur og kostnað verður eigi skotið til dómstóla.

Séu hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

- b. (19. gr.) Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjáræktarreiti einstakra manna innan umdæmisins, sem ekki falla undir ákvæði 18. gr. Enn fremur nær heimild þessi til garðlanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

59

25. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu,
launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Upphaf 6. gr. laganna orðist svo:

Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 3. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal sleppt broti úr stigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í heilt stig. Skal hækka laun

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna komi:

Ekki skal það varða missi vísitöluuppbótar, þótt verkalýðsfélag færi kauptaxta sinn til móts við vegið meðaltal kauptaxta félaga ófaglærðra verkamanna, þó ekki yfir 3 kr. grunnkaup á klukkustund.

Standi yfir vinnudeila eða samningaumleitanir við gildistöku laganna, skal það talið jafngilt kjarasamningi fyrir 19. marz 1950, ef deiluaðilar semja síðar um kaupgjald, sem sannanlega lá fyrir sem fast tilboð frá atvinnurekendum fyrir þann dag.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. 11. gr. laganna komi:

Heimilt er ráðherra að fella niður gjald þetta af þeim hluta aflans, sem látinn er til vinnslu í fiskimjòlsverksmiðju beint úr skipi eða til framleiðslu annarra afurða í sambandi við nýjan iðnað.

4. gr.

- a. Síðasti másl. 8. mgr. 12. gr. laganna orðist svo: Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda fasteignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.
- b. Aftan við fyrsta másl. 9. mgr. sömu lagagreinar bætist: þar með talin hluta-fjár- og stofnfjáreign.

5. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, önnur en þau, sem 15. gr. tekur til, skulu varða sektum allt að 50 þús. kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum, og skulu sektirnar renna í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

60

25. maí

um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Veita skal sérstaka tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum 20 þúsund kr. eða lægri, á lögðum 1950. Skattlækkunin ákveðst þannig, að tekjuskattur gjaldanda með 20 þúsund krónur í hreinar árstekjur, og konu og barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal lækkaður um $33\frac{1}{3}$ af hundraði.

Þeirrar hlutfallslækkunar í tekjuskatti, sem þessi gjaldandi fær, skulu allir þeir njóta, sem jafnháan eða lægri tekjuskatt hafa, þó aðeins þeir er hljóta niðurfærslu tekna samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

61

25. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá efnahagssamvinnustjórninni í Washington.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 2 millj. dollara lán, sem efnahagssamvinnustjórnin í Washington veitir fyrir milligöngu Export Import Bank, með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðar- samþykktir í sveitum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í 8. gr. laganna komi orðið „vélanefnd“ á tveim stöðum í stað orðsins verkfæranefnd.

2. gr.

- a. Fyrir „allt að 3 millj. kr.“ í 9. gr. laganna komi: allt að 6 milljónum kr.
- b. Í stað orðsins „verkfæranefnd“ í sömu lagagrein komi: vélanefnd.

3. gr.

- a. Í stað orðsins „Verkfæranefnd“ í þyrjun 2. másl. 10. gr. laganna komi: Vélanefnd.
- b. Í stað tveggja síðustu málsgr. sömu lagagreinar komi:

Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparissjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæðum viðkomandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal senda Búnaðarfélagi Íslands skilagrein fyrir fyrningargjaldinu í lok hvers reikningsárs.

Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýslu-ábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.

Nú hefur ræktunarsamband ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir, og er þá stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að halda eftir þeirri upphæð, sem vangreidd er, af jarðræktarstyrk þeim, sem greiða ber vegna jarðabóta í hlutaðeigandi ræktunarsambandi.

4. gr.

- a. Í stað orðanna „Verkfæranefnd ríkisins skal hafa eftirlit með“ í upphafi 11. gr. laganna komi: Vélanefnd ríkisins skal í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með.
- b. Í stað orðanna „að dómi verkfæranefndar“ í sömu lagagrein komi: að dómi vélanefndar.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands og vélanefnd ríkisins skulu halda námskeið fyrir þá menn, er eiga að vinna með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda hafa þeir menn einir

rétt til að vinna með slíkum tækjum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af véla- **62**
nefnd ríkisins. Kostnaður samkvæmt 11. og 12. gr. greiðist úr ríkissjóði. 25. maí

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

63

25. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana
og til lántöku vegna sömu fyrirtækja.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni í Þing-
eyjarsýslu allt að 2 millj. Bandaríkjadollara af framlögum frá efnahagssamvinnu-
stjórninni í Washington með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlega,
og gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 26 millj. króna lán eða jafnvirði þeirrar
fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, allt
með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin
tekur gildar.

Lánveiting til Laxárvirkjunar er þó bundin því skilyrði, að samningar um sam-
eign og framkvæmd viðbótarvirkjunar Laxár takist milli ríkisstjórnarinnar og Akur-
eyrarbæjar á sama grundvelli og samið hefur verið milli ríkisstjórnarinnar og Reykja-
víkurbæjar um viðbótarvirkjun Sogsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 54 25. maí 1949, um Laxárvirkjunina.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

